

01 | 2012
34. ÁRGANGUR

Virðing
Réttlæti

VR

BLAÐIÐ



Efnisyfirlit



KOSNINGAR Í VR 2012

- 06 Allsherjaratkvæðagreiðsla
- 07 Voting for the positions and Board Members
- 08 Benóný Valur Jakobsson Bjarni Þór Sigurðsson
- 09 Fríður Birna Stefánsdóttir Guðmundur Ingi Kristjánsson
- 10 Hildur Mósesdóttir Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
- 11 Jóhanna S. Rúnarsdóttir Jón Magnússon
- 12 Ólafía Ása Jóhannesdóttir Óskar Kristjánsson
- 13 Sigurður Sigfússon
- 14 Listi Uppstillinganefndar 2012
- 15 Úr lögum um kosningar



FÉLAGSMÁL

- 04 Breyting á bókun orlofshúsa
- 04 Allt um hlutabætur
- 05 Kjarasamningar
- 05 Hádegisfyrirlestrar
- 18 Sjóðir VR Sjúkrasjóður
- 20 VR varasjóður
- 21 Vinnandi vegur – atvinnumessa
- 23 Ráðgjafanefnd fjallar um skýrslu um líffeyrissjóði
- 27 Ekki gleyma að svara



GREINAR OG VIÐTÖL

- 16 Hvað er raunfærnimat?
- 22 Að hafa mörg járn í eldinum
- 24 Fagnaðu lífinu og lífið mun fagna þér, viðtal við Ásgeir Jónsson
- 28 Vissir þú?
- 30 Þunglyndi – hvernig getur vinnustaðurinn brugðist við?
- 35 Áttaarma vegvísir – Pistill Gerðar Kristnýjar

VR

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7,
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
www.vr.is

VRblaðið 1. tbl. 34. árgangur febrúar 2012

Ábyrgðarmaður: Stefán Einar Stefánsson, formaður. Ritstjóri: Anna Björg Siggeirsdóttir. Umbrot og útlit: Tómas Bolli Hafþórsson. Forsíðumynd: Eddi. Ljósmyndir: Eddi. Prentun: Oddi. Upplag: 25.900

Stjórn VR Stefán Einar Stefánsson formaður, Ásta Rut Jónasdóttir varaformaður, Jóhanna S. Rúnarsdóttir ritari, Benedikt Vilhjálmsson, Birgir Már Guðmundsson, Eyvín Ingadóttir, Guðrún Helga Tómasdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Pálmey Helga Gísladóttir, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Stefánsdóttir, Sigurður Sigfússon. Varamenn Óskar Kristjánsson, Benóný Valur Jakobsson og Bjarni Þór Sigurðsson.



UMRÓT Í SAMFÉLAGINU

Það er ekki lognviðrasamt á Íslandi um þessar mundir. Umhleytingar eru miklir í náttúrunni og samfélagið sjálft virðist ekki gefa henni þumlung eftir. Enn tókumst við á um afleiðingar kreppunnar og meðan áfangar nást í átt til endurreisnar þykir mörgum þoka of hægt í veigamiklum málum. Miklir hagsmunir takast á, ekki aðeins innlendir, heldur einnig hagsmunir erlendra aðila, jafnt einstaklinga og þjóða. Ljóst er að stjórnvöld mæta á degi hverjum ofvöxnum verkefnum og það er í raun undravert að nokkur maður skuli treysta sér til að halda utan um ríkisbúskapinn eins ástatt er. Þó er það áhugaverð staðreynd að sú stofnun samfélagsins sem hvað mest áhrif hefur haft í endurreisninni og endurmati stöðunnar er Hæstiréttur, sú þögla stofnun sem aðeins talar í gegnum dóma sína. Nýlegur dómur um hin svokölluðu gengistryggðu lán, er talandi dæmi um það. Þar sannast eflaust einnig að vegurinn til uppbyggingar er langur og torsóttur og mörg álitaefnin verða ekki leyst annarsstaðar en frammi fyrir dómstólum. Það kallar aftur á biðlund en það er skiljanlegt að þeir sem verst standa og einnig þeir sem finna sífellt þrengja að sér, hafi lítið af henni.

Stéttarfélagunum á Íslandi hefur verið núið um nasir að þau láti sér hagsmuni lántakenda litlu varða og virðast sumir telja að Alþýðusamband Íslands hefði átt að hafa forgöngu um þau dómsmál sem tengjast skuldamálum

heimilanna. Þar gætir misskilnings, enda getur enginn sótt mál fyrir dómstólum nema sá sem hefur beinna lögvarinna hagsmuna að gæta. Þess vegna verða þeir einstaklingar, sem telja að brotið hafi verið á sér, að sækja rétt sinn. Hinu má þó halda til haga að stéttarfélagin geta stutt við bakið á því fólki sem leggur upp í þá vegferð. Þar hefur VR ekki dregið af sér og nú hefur stjórn félagsins í skoðun þann möguleika að styðja málsókn er varðar mikilsverða hagsmuni skuldsettra heimila. Verður það skoðað af yfirvegum og með hagsmuni félagsmanna VR að leiðarljósi. Það eru ekki endilega þeir sem hæst hrópa á torgum sem mestu koma til leiðar.

VR STENDUR VAKTINA

Þeir sem halda því fram að VR standi hjá þegar hagsmunir félagsmanna séu fyrir borð bornir, hafa ekki kynnt sér umfang þeirrar starfsemi sem rekin er á vettvangi þess. Á ári hverju rekur félagið á bilinu 100–200 dómsmál þar sem látið er reyna á lög og kjarasamninga og með því reynt að tryggja ítrustu réttindi félagsmanna. Þó mál einstakra félagsmanna sé um að ræða mótar dómaframkvæmd þann ramma sem atvinnurekendum er settur og gerir okkur um leið kleift að sækja rétt okkar fólks með skilvirkum og skjótvirkum hætti.

Í byrjun maí mun verkefnum þeim sem VR hefur með höndum fjölga. Þá mun félagið taka

upp heildstæða þjónustu við þá félagsmenn sem orðið hafa fyrir því óláni að missa vinnu sína því verða ráðnir til félagsins vinnumiðlarar og ráðgjafar til að styðja við bakið á fólki í leit að atvinnu. Er það gert á grundvelli samnings við Velferðarráðuneytið en með honum færast tiltekin verkefni Vinnuálastofnunar til VR og nokkurra annarra stéttarféлага. Er það von mín að þetta verkefni verði félaginu til sóma og við sem að því stöndum erum staðráðin í að koma sem flestum atvinnulausum félagsmönnum VR út á vinnumarkaðinn að nýju.

KOSNINGAR Í VR

Nú í byrjun mars göngum við VR-ingar til kosninga. Að þessu sinni er kosið um sjö stjórnarsæti og þrjú sæti í varastjórn. Öflugur hópur fólks hefur boðið sig fram og í blaðinu kynna þeir einstaklingar sig sem sýnt hafa því áhuga að vinna félaginu gagn með setu í stjórn. Síðastliðið starfsár hefur einkennst af uppbyggingu hjá félaginu og samheldinni stjórn sem hefur einsett sér að vinna af alevli að hagsmunum félagsmanna. Miðað við það mannval sem nú hefur boðið sig fram í kosningunum í ár – er ég þess fullviss að engin breyting mun verða þar á næsta árið.

SES

ALLT UM HLUTABÆTUR

Að undanfögnu hefur orðið vart misskilnings vegna greiðslu og réttinda til hlutabóta í atvinnuleysistryggingakerfinu. Því hefur verið haldið fram að frá áramótum hafi fallið niður réttur til hlutabóta, en svo er ekki. Hlutabætur hafa alltaf verið og verða áfram hluti af lögum um atvinnuleysistryggingar.

Hlutabætur tryggja rétt þeirra til atvinnuleysisbóta sem missa vinnu að hluta og þeirra sem eiga geymdan bótarétt taki þeir að stunda störf í lægra starfshlutfalli en áður. Þessar hlutabætur eru enn tekjutengdar með vísan í s.k. frítekjumark. Það er gert til þess að þeir sem eru á frekar háum launum í hlutastarfi geti ekki einnig fengið óskertar fullar atvinnuleysisbætur.

04

Við hrúnið árið 2008 var reglunum ekki breytt en bráðabirgðaákvæði sett í lög um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006. Það bráðabirgðaákvæði sagði að í ákveðnum tilvikum og að uppfylltum vissum skilyrðum væri reglunni um tekjutengingu vegna hlutabóta ekki beitt, en þó að því hámarki að laun og atvinnuleysisbætur séu samanlagt ekki hærri en 491.318 kr. Þetta bráðabirgðaákvæði féll niður um áramótin, en almenn ákvæði um hlutabætur halda sínu gildi. Hins vegar varð þetta þess valdandi að margir áttu þá ekki lengur rétt á hlutabótum þar sem þeir uppfylltu ekki skilyrði um almennan rétt til hlutabóta vegna of hárra tekna. Mjög bagalegt er að ekki skyldi hafa verið varað við þessu með góðum fyrirvara því þessi breyting kom flatt upp á fjölmarga bótaþega.

Það veldur einnig vanda að samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu urðu þær tímabundnu breytingar á starfshlutfalli, sem urðu tilefni umsóknar um hlutabætur, að vara aðeins 3 mánuði í senn. Til að eyða allri óvissu um túlkun ákvæðisins og framkvæmd bendir ASÍ á eftirfarandi:

- Hafi breyting á ráðningarsambandi (þ.e. minnkum starfshlutfallsins) verið tímabundin og einstaklingur telur sig þar með vera í rétti til að fara aftur í fyrra starfshlutfall ber atvinnurekanda að verða við því. Vilji atvinnurekandi minnka starfshlutfall varanlega ber honum að segja upp ráðningarsamningi viðkomandi starfsmanns og bjóða honum endurráðningu í minna starfshlutfalli.
- Hafi samkomulag starfsmanns og atvinnurekanda um skert starfshlutfall ekki falið í sér rétt starfsmanns til að fara aftur í fyrra starfshlutfall, þ.e. hafi breyting á starfshlutfalli starfsmannsins verið varanleg, eða hann ráðinn í skert starfshlutfall strax í upphafi og naut þá hlutabóta skv. bráðabirgðaákvæðinu á móti, gildir eftirfarandi regla:

Starfsmaður sækir um og á rétt á að fara á hlutabætur skv. almennum ákvæðum laganna um atvinnuleysistryggingar. Sama gildir um starfsmann skv. 1. tölulíð að undangenginni uppsögn og þá að uppsagnartímanum liðnum.



BREYTING Á BÓKUN ORLOFSHÚSA

Breyting hefur verið gerð á leigu orlofshúsa VR og hefur bókunartímabilið verið stytta úr 36 vikum í 24 vikur. Næstu þrjú mánuðina verður þó hægt að bóka hús þá daga sem nú þegar er búið að opna fyrir bókanir, þó þeir séu utan þessa 24 vikna bókunartímabils.

Með þessari breytingu vill VR koma til móts við óskir félagsmanna um að stytta þann tíma sem hægt er að bóka orlofshús en margir eiga erfitt með að skipuleggja frí frá vinnu og skóla allt að níu mánuði fram í tímann. Á næstu þremur mánuðum verður bókunartíminn því stytta úr áföngum í 24 vikur eða sex mánuði. Það er von okkar að breytt fyrirkomulag henti sem flestum félagsmönnum.

KJARASAMNINGAR

Þann 20. janúar sl. var skrifað undir samkomulag um að framlengja kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þrátt fyrir vanefndir stjórnvalda á þeim fyrirheitum sem gefin voru í tengslum við undirritun þeirra árið 2011. Trúnaðarráð VR gagnrýndi stjórnvöld harðlega í yfirlýsingu sem samþykkt var á fundi ráðsins þann 16. janúar, nokkrum dögum fyrir eindaga á endurskoðun saminganna en þá lá ljóst fyrir að mikið vantaði upp á að ríkisstjórn stæði við sinn hluta samkomulags aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda frá 5. maí 2011. Þrátt fyrir að stjórnvöld stæðu ekki við gefin loforð var það mat trúnaðarráðs að hagsmunir félagsmanna VR fælust í að halda áfam á þeirri braut sem mörkuð var með samningunum í maí 2011 og ákvað að segja þeim ekki upp.

Yfirlýsing trúnaðarráðs VR frá 16. janúar er birt hér að neðan í heild sinni. Sjá nánar um síðasta atriðið á blaðsíðu 26.

YFIRLÝSING FRÁ TRÚNAÐARRÁÐI VR

Trúnaðarráð VR lýsir miklum vonbrigðum með þær vanefndir sem orðið hafa á loforðum ríkisstjórnar Íslands, sem gefin voru í yfirlýsingu hennar frá 5. maí 2011, í tengslum við undirritun kjarasamninga. Á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins hafa staðið við öll ákvæði saminganna, vantar mikið upp á að ríkisstjórnin standi við loforð sín. Er það í annað skiptið sem það gerist frá því að ríkisstjórnin gekk á bak orða sinn í kjölfar hins svokallaða stöðugleikasáttmála.

Það er óþolandi að fjölmennasta stéttarfélag landsins geti ekki treyst þeim yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gefur frá sér. Það lýsir alvarlegum trúnaðarbresti sem ekki verður unað við.

Trúnaðarráð VR krefst þess að ríkisstjórn Íslands bregðist tafarlaust við og bæti úr augljósum vanefndum sínum og að:

- Hækkun almannatryggingabóta haldist í hendur við hækkun lægstu launa, eins og lofað var.
- Horfið verði frá ósanngjarnri og vanhugsaðri skattlagningu á lífeyrissjóði fólksins í landinu upp á 2.800 milljónir króna, sem að öllum líkindum felur í sér brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.
- Endurskoðun fari fram á tekju- og eignatengingu vaxta- og barnabóta eins og lofað hafði verið í tengslum við framlagningu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2012.
- Breytingar verði gerðar á lögum um opinber innkaup til þess að tryggja betur eðlilegt samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks og komið verði í veg fyrir kennitölufلاك.
- Hefja skuli við fyrsta tækifæri tilraunaverkefni sem feli í sér aðkomu stéttarfélaga við þjónustu við atvinnuleitendur.

BJARTSÝNI, HVATNING OG GLEÐI

FYRIRLESTRARÖÐ VR

Bjartsýni, hvatning og fleiri gleðistundir í lífinu eru helstu áherslurnar í fyrirlestraröð VR á næstunni. Félagsmenn ættu því að geta haldið inn í vorið með gleði og jákvæðni í farteskinu. Fyrirlestrarir haldnir á 0. hæð í Húsi verslunarinnar í hádeginu milli kl. 12 og 13 og eru öllum félagsmönnum opnir. Léttar veitingar eru í boði. Félagsmenn úti á landi geta fylgst með á skrifstofum VR í sínum landshluta með fjarfundabúnaði. Skráning er á www.vr.is og í síma 510 1700.

22. MARS

Fyrirlesari: **Sirry**

AÐ LAÐA TIL SÍN ÞAÐ GÓÐA

Sirry er félags og fjölmiðlafræðingur og hefur áralanga og farsæla reynslu af námskeiðshaldi í samskiptafærni. Sirry mun færa okkur tæki og töl til að halda út í framtíðina, bjartsýn, upplitsdjörf og tilbúin til að laða að okkur hamingjudaga.

26. APRÍL

Fyrirlesari: **Halla Halldórsdóttir**

TILVERAN Í NÝJU LJÓSI

Halla Halldórsdóttir er hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir. Hún hefur einnig meistarágráðu í lýðheilsufræði og diplóma í kennslufræði. Hún hefur langa og umfangsmikla reynslu í heilbrigðismentna- og samfélagsgeirunum. Við lendum öll í margvíslegum breytingum hvar sem við erum stödd í lífinu. Halla ræðir um jákvæðni, trú á eigin getu, hvatningu, von, húmor og heilsuefingu til að vinna á tilfinningum sem koma fram við breytingar í lífinu.

10. MAÍ

Fyrirlesari: **Sigríður Klingenberg**

MEÐ SÍNU NEFI

Sigríður hefur notið mikilla vinsælda á Íslandi og víða erlendis og verið eftirsótt á alls kyns fundi, námskeið og skemmtanir. Námskeiðið er leiðarvísir að lífsgleði þar sem Sigga kennir hvernig orð okkar, hugsanir og viðbrögð við öllum aðstæðum sem upp koma í lífinu geta skipt sköpum. Þátttakendum eru kenndar aðferðir við að breyta lífi sínu og fjölga gleði- og hamingjustundum.

KOSNINGAR 2012



06

ALLSHERJARATKVÆÐA- GREIÐSLA Í VR 2012

Leynileg rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla meðal allra fullgilda félagsmanna VR vegna kjörs stjórnar VR hefst kl. 09:00 fimmtudaginn 1. mars 2012 og lýkur kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 9. mars 2012. Atkvæðagreiðslan er rafræn.

HVERJIR HAFNA ATKVÆÐISRÉTT?

Atkvæðisrétt í kosningunum hafa allir sem voru fullgildir VR félagar 31. desember 2011. VR félagar sem hafa orðið fullgildir frá þeim tíma eru einnig á kjörskrá. Sama gildir um þá sem greiddu félagsgjald til VR skv. síðustu skilagrein fyrirtækis, sé skilagrein frá því í september 2011 eða nýrri og viðkomandi hafi greitt

lágmarksfélagsgjald fyrir árið 2011. Einnig eru á kjörskrá eldri félagsmenn sem greiddu eitthvað félagsgjald á 67. aldursári og höfðu greitt a.m.k. 50 mánuði af 60 á síðustu fimm árum áður en þeir urðu 67 ára.

BRÉF TIL ATKVÆÐISBÆRRA FÉLAGSMANNA

Allir kosningabærir félagsmenn fá sent bréf í pósti með upplýsingum um hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli er frá vef VR, þeir sem ekki hafa aðgang að atkvæðaseðli en telja sig eiga rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslunni geta sent erindi til kjörstjórnar á netfangið kjorstjorn@vr.is eða í pósti til Kjörstjórn VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir lok kjörfundar. Kærufrestur er til loka kjörfundar.

HVERNIG Á AÐ KJÓSA?

Til að kjósa skráir þú þig inn á Mínar síður á heimasíðu VR með lykilorði þínu og smellir á hnappinn ATKVÆÐASEÐILL. Þá opnast atkvæðaseðill í nýjum vafra og upplýsingar um hvernig þú átt

að bera þig að við að greiða atkvæði. Ef þú hefur ekki lykilorð inn á Mínar síður getur þó sótt um lykilorð og það verður sent í heimabanka þinn eða á heimilisfang þitt eins og það er skráð í félagaskrá VR.

Félagsmenn geta einnig kosið rafrænt á skrifstofum VR í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Akranesi og Egilsstöðum á skrifstofutíma.

ÚTHLUTUN SÆTA

Rétt er að benda á að úthlutun sæta í stjórn á grundvelli niðurstöðu kosninganna fer fram með svokallaðri fléttuaðferð, þ.e. karlar og konur raðast til skiptis í sætin. Sjá nánar á bls. 15 þar sem 20. grein laga VR um kosningu til trúnaðarstarfa er birt í heild sinni.

FRAMBJÓÐENDUR

Kosið er á milli 11 frambjóðenda til sjö sæta í stjórn. Kynning á frambjóðendum er í blaðinu og á vef félagsins, www.vr.is.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR VR ERU:

Benóný Valur Jakobsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Fríður Birna Stefánsdóttir
Guðmundur Ingi Kristinsson
Hildur Mósesdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Jóhanna S. Rúnarsdóttir
Jón Magnússon
Ólafía Ása Jóhannesdóttir
Óskar Kristjánsson
Sigurður Sigfússon

VOTING FOR THE POSITIONS OF BOARD MEMBERS

VR will hold a secret ballot to elect seven board members for VR. The voting will begin at 9:00 am 1st March 2012 and will end at 12:00 noon on 9th March 2012.

WHO IS ENTITLED TO VOTE?

All VR members who were members in good standing (full members) on 31st December 2011 are entitled to vote. VR members who have since become full members are also entitled to vote. The same applies to those who paid membership dues

to VR according to the latest periodic declaration reports of a company if the periodic declaration report is from September 2011 or later and the person in question has paid the minimum membership dues for 2011. Also entitled to vote are senior members who paid some dues in their 67th year and had paid dues for at least 50 of the 60 months from age 62 to 67.

All full members will receive a letter detailing the voting process. Access to electronic ballot papers is via Mínar síður on the VR website (members' personal pages on the website). If you believe you are entitled to vote but have not received a letter from VR, please send a complaint to the VR election committee, VR, Kringlan 7, 103, Reykjavík or by mail to VR's election committee kjorstjorn@vr.is.

HOW TO VOTE

The voting is electronic and access to electronic ballot papers is on Mínar síður on the VR website. To access Mínar síður you need a password which you can apply for on the VR website and will be sent as an online statement to your online bank under the header Lykilorð frá VR.

Once you have logged on to Mínar síður, please choose the button BALLOT on the front page and you will be directed to the ballot. Members are also welcome to cast their votes at the offices of VR in Reykjavík, Vestmannaeyjar, Akranes and Egilsstaðir during the election. The votes will be counted as soon as voting ends.

For further information and assistance please contact the VR's service center, tel.: 510 1700.

CANDIDATES

Further information on the candidates, see p.xx and the VR website, www.vr.is (in Icelandic only)

CANDIDATES FOR MEMBERS OF THE EXECUTIVE BOARD ARE:

Benóný Valur Jakobsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Fríður Birna Stefánsdóttir
Guðmundur Ingi Kristinsson
Hildur Mósesdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Jóhanna S. Rúnarsdóttir
Jón Magnússon
Ólafía Ása Jóhannesdóttir
Óskar Kristjánsson
Sigurður Sigfússon



BENÓNÝ VALUR JAKOBSSON

Fæðingardagur og ár

2. júlí 1968

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

bogf@mi.is
benni@66north.is
www.benony.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Sölufulltrúi á fyrirtækjasviði Sjóklæðagerðinnar/66°Norður.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef frá unga aldri verið mjög virkur í félagsstörfum, var formaður nemendaráðs Laugaskóla, formaður félags ungra jafnaðarmanna á Norðurlandi eystra, sat í stjórn félags ungra jafnaðarmanna í Reykjavík, er í dag formaður Fálkanna stuðningsfélags við barna og unglíngastarf í Val. Hef auk þess setið í fjöldanum öllum af foreldraráðum og farið æði margar fararstjóra ferðir með yngri flokka í íþróttum. Trúnaðarmaður hjá Sjóklæðagerðinni síðastliðin þrjú ár. Hef setið í trúnaðarráði VR síðastliðin 2 ár og verið varamaður í stjórn VR síðastliðið ár.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef sem varamaður í stjórn VR setið nokkra fundi stjórnar og finn að áhugi minn á því að láta gott af mér leiða hefur ekki minnkað við það. Ég hef ekki trú á lýðskrumi og upphrópunum í kjaramálum. Hagsmunum okkar er betur borgið til langs tíma með því að taka ábyrg, hnitmiðuð og vel ígrunduð skref til kaupmáttaraukningar í samvinnu við vinnuveitendur og stjórnvöld. Fjölskyldumál eru mér hugleikin og ég vil leggja áherslu á að fjölskyldan sé sett í forgrunn í öllum þeim samningum og aðgerðum sem VR tekur að sér. Eins eru mér málefni eldri borgara mjög hugleikin og mun ég leggja mitt af mörkum til að afnám tekjutengingar grunnlífeyris verði að veruleika sem fyrst. Kæri félagsmaður ég býð fram krafta mína til að hjálpa til við það að gera VR að því félagi samábyrgðar og velferðar sem það er og á að vera.



BJARNI ÞÓR SIGURÐSSON

Fæðingardagur og ár

4. september 1958

Félagssvæði:

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

bjarnithor@365.is
www.bjarnivr.wordpress.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Eftir Menntaskólann við Hamarahlíð hóf nám í kvikmyndagerð við Conservatoire Libre du Cinéma Français í París. Ég starfaði fyrir frönsku sjónvarpsstöðina TV2, RÚV, Stöð2 og sjálfstætt við kvikmynda-, auglýsinga og þáttagerð. Í dag er ég verkefnastjóri hjá 365 hf.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég stundaði nám með starfi í Viðskiptadeild HÍ. Ég er varamaður í stjórn ÍTR. Ég hef verið í VR frá 1999. Er trúnaðarmaður starfsmanna hjá 365 hf. Var kjörinn í trúnaðarráð VR árið 2009 og varamaður í stjórn VR 2010-2012.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef látið húsnæðismál mig miklu varða og lagði fram tillögu í stjórn VR um stofnum húsnæðisfélags, tillagan var samþykkt einróma. Ég tel að um sé að ræða einstakt tækifæri fyrir öflugt félag eins og VR að hafa áhrif á breytingar á húsnæðismarkaði. Húsnæðisnefnd VR hefur notað síðastliðið ár til að skoða möguleika og hefur nefndin meðal annars rætt við Landsamband Lífeyrissjóða, sem hefur verið að skoða húsaleigumarkaðinn og þær reytingar sem æskilegt væri að gera.

Lífeyrissjóðsmál hafa verið í brennidepli undanfarið og ekki að ósekju. Launafólk hefur áhyggjur, Ég tel að opin umræða um hvernig sjóðsfélagar í LV geti haft áhrif á stefnumótun til framtíðar. Ég vil beita mér fyrir að VR efni til fundar með þjóðfundarfyrirkomulagi með aðkomu sjóðsfélaga. Skipan fulltrúa okkar í LV þarf að vera yfir allan vafa hafinn, þeir þurfa að standast hæfnismat FME og siðferðilegar kröfur sjóðsfélaga. Ég tel að þeir sem setið hafi í stjórn LV eða annarra lífeyrissjóða frá því fyrir hrun þurfi að vika.

Kæru VR félagar, ég óska eftir stuðningi ykkar til setu í stjórn VR, það er mörg verk óunnin og ég er til í að bretta upp ermar og ganga í verkin.



FRÍÐUR BIRNA STEFÁNSDÓTTIR

Fæðingardagur og ár

4. október 1960

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

fifa@xnet.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Verkefnastjóri hjá CCP. Stúdentspróf, diploma í verkeflastjórnun.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið virkur félagi í Slysavarnadeild kvenna í Reykjavík s.l. 25 ár. Fyrir utan störf sem almennur félagi og í nefndum, hef ég sinnt stjórnarstörfum þar með hléum, er nú formaður síðan 2006. Byrjaði starfsferil minn sem sendill, lagermaður og við útkeyrslu. Hef starfað sem skrifstofumaður við birgðakaup, innflutning og bókhald ásamt því að hafa rekið eigin verslun. Undanfarin 10 ár hef ég starfað sem sérfræðingur í Navision upplýsingakerfi, við kennslu, innleiðingu og ráðgjöf.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef verið félagi í VR samfelld í um 30 ár og fannst tími kominn til að leggja mitt af mörkum til félagsins. Ég vil verkalýðsfélag sem dreifir ekki áherslum sínum of mikið. Félag sem lætur heyrja í sér tæpitungulaust varðandi málefni félaga án slagorða og sleggjudóma. Félag sem er þekkt af heiðarleika og hreinskilni.



GUÐMUNDUR INGI KRISTINSSON

Fæðingardagur og ár

14. júlí 1955

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

gik@simnet.is
gik.blog.is

VINNUSTAÐUR OG STARF, MENNTUN

Öryrki eftir umferðaslys á leið heim úr vinnu (Brynja Laugavegi 29, Rvk.) og í 100% rétti. Vann í Brynju í rúm 12 ár og þar áður sem lögreglumaður í um 7 ár í Grindavík og Keflavík. Ármúlaskóli trésmíðadeild, Iðnskólinn Reykjavík trésmíði, NTV skrifstofu og tölvunám, netsíðu og mynndvinnsla.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Í VR í um 20 ár og þar af sem öryrki í um 9 ár. Varð aftur virkur félagi í maí 2003, eftir baráttu fyrir því að öryrkjum væri heimilt að vera VR félagi eftir örorku við slys eða veikindi. Ég borga 1% af lífeyrissjóðsgreiðslum í félagsgjald. Var virkur í Trúnaðarráði, en maður er útilokaður frá því við það eitt að fara í framboð til stjórnar og þá einnig á ASÍ þing og fl. Hvers vegna? Er formaður í BÓT félagi sem berst fyrir bættu samfélagi og sameinar í fyrsta sinn atvinnuleysis-, lífeyris-, örorku- og félagsbótaþega (láglaunaþega). BÓT segir burt með fátækt og allir bótaþegar og einnig láglaunafólk eigi fyrir húsnæði, mat, lyfjum, lækniþjónustu og geti lifað mannsæmandi lífi. BÓT er félagi í EAPN The European Anti-Poverty Network.

HELSTU ÁHERSLUR

Heildartap LV er kr. 80.000 mkr. Fyrir það er hægt að fá 4.000 íbúðir á 20 mkr. hver. Þetta er bara 100 blokkir með 40 íbúðum. Einn er enn í stjórn frá VR eftir hrun og er nú varaformaður stjórnar og annar kom inn í stjórn LV frá Exista (Klakki), en Exista og tengdir aðilar töpuðu bara um 40.000.000.000 kr. af lífeyrisparnaði LV. Er þetta siðferðisleg ábyrgð? Lágmarkslaun eru um 200.000 kr. og á sama tíma hækkuðu verðbætur 20 mkr. láns um 6% eða um 1.2 mkr. Það er um 100 þúsund á mánuði. Er þetta þeirra réttlæti? Lífeyrissjóðir hafa hvorki umboð né heimildir til að gefa eftir eignir sínar segir Þórey frá landsambandi lífeyrissjóða. Víkjandi skuldabréf er ekkert annað en gjöf. Hættum að sparka fjárhagslega í afa, ömmu og öryrkja með skerðingum lífeyris. Stöðvum strax yfir 100% skatt á lífeyrinn.



HILDUR MÓSESDÓTTIR

Fæðingardagur og ár

6. febrúar 1963

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

hildurmoa@gmail.com



INGIBJÖRG ÓSK BIRGISDÓTTIR

Fæðingardagur og ár

13. september 1970

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang og vefsíður

i.birgisdottir@gmail.com

www.facebook.com/

ingibjorg.birgisdottir

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Iceland Express, Aðalbókari.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Var trúnaðarmaður og sat í Trúnaðarráði VR í 4 ár. Sat í nefnd sem vann að breytingum á kosningalögum VR, vinnunefnd um gerð Siðareglna og verklagsreglna VR. Hef setið þrjá ASÍ Ársfundi og tvo landsfundi hjá LÍV. Sótti nám á vegum Símenntunar fyrir starfsmenn og forystumenn verkalyðsfélaga í gengum VR.

Er formaður Blakdeildar Fylkis. Er í laga-, samskipta- og aganefnd félag viðurkenndra bókara. Hef verið stjórnarmaður í VR síðustu 2 ár.

HELSTU ÁHERSLUR

Halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið á síðasta ári. Ég vil halda áfram þeirri vinnu sem hafin er að stofnun ungliðahreyfingu innan VR. Einnig vil ég halda áfram í húsnæðisnefnd þar sem við höfum verið að leita leiða í nýjum útfærslum á húsnæðismálum. Ég vil vinn að því að gera VR að sterkara afli í þeim efnahagshremmingum sem hafa dunið yfir okkur undanfarin ár í stað þess að láta ASÍ hafa frumkvæði, sem aldrei verður svo. Okkar tími er komin.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Skrifstofa Verkfræðingafélags Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands. Ritari, veiti upplýsingar til félagsmanna ásamt því að sjá um innheimtu. Leikhúsmenntun frá Orange Coast College, Kaliforníu.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Reynsla mín af félagsstörfum er m.a. þessi: Stjórn VR frá 2010, miðstjórn ASÍ frá 2011, framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR, stjórn Fulltrúaráðs verkalyðsfélaganna í Reykjavík, húsnæðisnefnd VR og varamaður í menntanefnd ASÍ.

HELSTU ÁHERSLUR

VR er öflugt félag sem á sterka sjóði og þeir þurfa að nýtast öllum félagsmönnum. Eitt af áherslumálum mínum innan sjúkrasjóðs VR er að félagið beiti sér fyrir auknum forvörnum fyrir alla, til dæmis með ókeypis hjartarannsóknnum fyrir félagsmenn svo að eitthvað sé nefnt. Slíkt er skynsamlegt og getur komið í veg fyrir alvarleg heilsuvandamál, um leið nýtist fé sjúkrasjóðs vel í þágu breiðs hóps. Ég vil að VR einbeiti sér að kjörum félagsmanna sinna og sé óháð gagnvart stjórn málaflökum, stórfyrirtækjum og hagsmunasamtökum. Því það er nokkuð um það að fyrirtæki og félagasamtök sæki til stjórnar félagsins um styrki til ýmissa hluta. Það er álitamál hvort rétt sé að VR sé að veita fé til málefna sem ekki tengjast beinlínis hagsmunabaráttu félagsins. Við þurfum að virkja fólk til þátttöku í félaginu með öllum tiltækum ráðum, ekki síst ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Ungu fólkið þarf að vekja til vitundar um rétt sinn. Ef það er ekki gert verða stéttarfélögin máttvana og ranghugmyndir margra um að þau geri ekkert fyrir félagsmenn sína eru skaðlegar. Ég býð mig fram af því að mig langar til að halda áfram því starfi sem ég hef gegnt fyrir VR undanfarin tvö ár, mig langar til að nýta þá reynslu sem ég hef aflað mér bæði í starfi mínu og innan stjórnar VR til hagsbóta fyrir félagsmenn VR.

Kæri félagsmaður, ég vona að þú gefir þér tíma til að skoða og kynna þér áherslur okkar sem erum í framboði, það er mikilvægt að félagsmenn leggi sitt af mörkum og velji sterkt fólk til forystu í félaginu. Ef það er eitthvað sem þig langar til að spyrja mig um, ekki hika við að senda mér tölvupóst.



JÓHANNA S. RÚNARSDÓTTIR

Fæðingardagur og ár

10. mars 1968

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

johannas68@hotmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Gjaldkeri hjá Ölgerðinni hf. Stúdent af Viðskiptabraut. Félagsmálaskóli Alpýðu- Rekstrar og stjórnunarnám við HA á Akureyri. Genfarskólinn, á vegum ASÍ um ILO (Alþjóða vinnuástandstofnunin).

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Var trúnaðarmaður hjá B&L árin 2003-2006. Sótti um í varastjórn 2007 og var þar í eitt ár. Tók þátt í fyrsta einstaklingsframboði til stjórnar VR árið 2008 samkvæmt nýjum lögum félagsins og hef því verið í stjórn VR í tvö kjörtímabil. Er í dag ritari stjórnar VR og jafnframt varaformaður í Orlofsstjórn VR og í kjörnefnd LÍV. Hef tekið þátt í nokkrum ASÍ og LÍV þingum. Hef jafnframt setið í stjórn foreldrafélaga, gjaldkeri í starfsmannafélagi auk annarra félagsstarfa.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég vil beita mér fyrir raunkjarabótum félagsmanna, lífeyrismálum, jafnréttismálum og orlofsmálum. Ég vil leggja áherslu á baráttu gegn atvinnuleysi og málefnum atvinnuleitenda. Efla þarf grasrótina og virkja félagsmenn til að taka þátt í starfi félagsins því öflugt félag byggist á virkni félagsmanna.

Oft var þörf en nú er nauðsyn að gæta réttinda og hagsmuna VR félaga með sérstaka áherslu á unga fólkið sem er að fara út á vinnuarkaðinn. VR hefur alltaf verið sýnilegt og opið félag og verið í fararbroddi stéttarféлага með margar góðar nýjungar fyrir sýna félagsmenn en ég vil stuðla að því að svo verði áfram.

Ég legg áherslu á að vinna vel og heiðarlega að þeim málum sem VR þarf að fást við í sínu starfi og að félagið verði áfram sterkt stéttarfélag með frumkvæði og framsækni að leiðarljósi.



JÓN MAGNÚSSON

Fæðingardagur og ár

20. janúar 1952

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Þjónustufulltrúi hjá Heklu.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef starfað sem trúnaðarmaður hjá Heklu síðan 1981. Kom fyrst að stjórnunarstörfum hjá VR sem varamaður í stjórn 2002. Hef setið í stjórn sjúkrasjóðs VR síðan 2006 og var kosinn í stjórn VR árið 2008. Hef sótt þing ASÍ og LV og á sæti í trúnaðarráði VR. Sat í stjórn knattspyrnu- og handknattleiksdeildar UMF Fjölnis í Grafarvogi og var um tíma í aðalstjórn félagsins.

HELSTU ÁHERSLUR

Framboð mitt til setu í stjórn VR er fyrst og fremst tilkomið vegna brennandi áhuga míns á félagsmálum í gegnum tíðina. Jafnrétti, kjara- og orlofsmál eru mér efst í huga þegar kemur að málefnum. Má þá m.a. nefna kjarakerðinguna sem hinni almenni launamaður hefur orðið fyrir undanfarin 3 ár sem mikilvægt er að ná til baka og áframhaldandi vinnu í hækkan launataxta og raunlauna. Launamun kynjanna þarf að útrýma ásamt því að skoða lausnir fyrir atvinnulausa félagsmenn.

Ég vil vinna að stofnun nýsköpunarsjóðs innan okkar raða til að styðja við unga félagsmenn. Hagfræðingar um allan heim er sammála því að nýsköpun sé mikilvægasti þátturinn til að skapa velferð í framtíðinni. Einnig vil ég stuðla að frekari uppbyggingu orlofssvæðisins í Miðhúsum og búa þar enn betur að okkar framtíðarfélagsmönnum.

Það verður ekki hjá því komist að minnast á lífeyrissjóðinn hér, hann þarf að standa vörð um og tryggja áframhaldandi gegnsæi í öllu starfi sjóðsins.



ÓLAFÍA ÁSA JÓHANNESDÓTTIR

Fæðingardagur og ár

9. júlí 1971

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

asa@medor.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Viðskiptastjóri hjá MEDOR. Hjúkrunarfræðingur frá HÍ, Mastersgráða í heilbrigðisvísindum og svefnfræðum frá HÍ.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef setið í námsmatsnefnd hjúkrunarfræðideildar HÍ. Setið í stjórn foreldrafélaga grunn- og tónlistarskóla. Verið virk í félagsstarfi á mínum vinnustöðum, stýrt fundum og komið fram sem fyrirlesari og kennari.

HELSTU ÁHERSLUR

Tilgangur VR er að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna. Að því vil ég vinna. Ég býð mig fram í stjórn VR til að vinna að hagsmunum félagsmanna. Ég valdi að ganga í VR fyrir fjórum árum í stað þess að vera utan stéttarféлага og spara félagsgjöldin. Ég valdi VR því það er öflugt stéttarfélag með um 28.000 félaga. Þjónusta við félagana er mikil, samtrygging í sjúkrasjóði getur skipt sköpum og kjara- og réttindabaráttan er kjarninn í félaginu. VR hefur allar forsendur til að vera leiðandi afl og drifkraftur í íslensku samfélagi. Mig langar að koma að mótun félagsins og hafa þannig áhrif á kjör og aðbúnað félagsmanna. Nú sem aldrei fyrr er brýnt að standa vörð um fengin réttindi og tryggja að launahækkningar étist ekki upp í verð- og skattahækkunum.

Mörg framfaraskref hafa verið stigin innan félagsins, nú síðast með aukinni aðstoð við atvinnuleitendur og von mín er að þeir finni fyrir og njóti þessa stuðnings. Ófá skref eru framundan, t.d. þarf ekki bara að leiðrétta launamun kynjanna heldur afmá hann með öllu. Styrkja þarf framfaravilja einstaklinga með símenntun og hvatningu. VR þarf líka að styrkja stjórnendur í hópi félagsmanna því að sterkir stjórnendur nýtast félagsmönnum og eru í aðstöðu til að bæta kjörin og gera þannig félagið sterkara.

Mig langar að vera virkur félagsmaður í VR og leggja mitt af mörkum til að félagið geti sinnt hlutverki sínu.



ÓSKAR KRISTJÁNSSON

Fæðingardagur og ár

14. ágúst 1959

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

oskark@vis.is

heidabj@internet.is

VINNUSTAÐUR OG STARF, MENNTUN

Vátryggingafélag Íslands, fyrirtækjaráðgjafi. Bifreiðasmiður að mennt. Sveinn í bifreiðasmiði 1978-1982 og tryggingaskóli.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

3 ár í stjórn VR, 1 ár í miðstjórn ASÍ og í trúnaðarráði VR trúnaðarmaður hjá VÍS og nú sem öryggistrúnaðarmaður VÍS, ýmis félagsstörf á vegum VR og Knattspyrnudeildar Fjölnis.

Bifreiðasmiði, sölumaður nýrra bifreiða, ýmis önnur sölustörf, tryggingaráðgjöf og þjónusta.

HELSTU ÁHERSLUR

Standa vörð um réttindi félagsmanna s.s kjarasamninga, orlofsréttindi, efla sjúkra og starfsmenntasjóð. Gera enn betur í uppbyggingu orlofssvæða og orlofshúsa.



SIGURÐUR SIGFÚSSON

Fæðingardagur og ár

1. maí 1948

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

sigg@n1.is

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Samvinnuskólapróf og framhaldsnám við Norska Samvinnuskólann. Starfaði fyrir Samvinnuhreyfinguna frá 1970 – 1977 m.a. sem verslunarráðunautur og útibússtjóri KÁ á Laugarvatni. Kennari við Samvinnuskólann í Bifröst 1977 - 1983. Réðst til Olíufélagsins hf. ESSO, síðar N1 árið 1983. Hefur starfað þar sem rekstrarstjóri bensínstöðva, svæðisstjóri og þjónustustjóri, en síðustu árin í markaðsdeild og að hluta í starfi fyrir Starfsmannafélag N1.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Formaður Starfsmannafélags ESSO á árunum 2000 – 2004. Í stjórn og síðar formaður Deildar Samvinnustarfsmanna í VR. Deildin var lögð niður 1996 og hefur setið í stjórn VR frá þeim tíma, fyrst sem varamaður, en aðalmaður í stjórn frá 2000. Formaður stjórnar sjúkrasjóðs VR frá 2010. Setið í laganefnd, launanefnd, stjórn orlofsjóðs o.fl. Í stjórn fjölskyldu- og jafnréttisnefndar ASÍ síðan 2006. Í stjórn Samvinnulífeyrissjóðsins og síðar Stafa lífeyrissjóðs frá árinu 2002 - 2011. Varamaður í stjórn Stafa frá 2011.

HELSTU ÁHERSLUR

Málefni þeirra sem eru á lægstu laununum og málefni atvinnuleitenda eru helstu baráttumál mín innan stjórnar VR. Einnig kjaramál almennt, jafnréttismál og orlofsmál. Brýnasta verkefnið framundan er að gera nauðsynlegar breytingar á Varasjóði VR þannig að sjóðurinn komi betur til móts við þá sem mest þurfa á honum að halda. Á vinnufundi VR í Kríunesi í febrúar 2012 var viðruð sú hugmynd að VR félagar gætu átt val um hvort þeir vildu að borga í Varasjóðinn eða velja einhverja aðra leið t.d. heilsu tengda leið eða frístunda leið. Ég styð hugmyndina og mun fylgja málinu eftir innan stjórnar VR nái ég kjöri. Það skiptir miklu máli að stjórn VR sé samhent og virði siða- og verklagsreglur sem hún sjálf setur sér. Ég hef lagt nokkuð að mörkum í þessu sambandi á liðnum árum og mun halda því áfram. Starf mitt í laganefnd VR hefur miðað að því að opna félagið eins og þessar kosningar til stjórnar VR bera vitni um.

LISTI UPPSTILLINGA-NEFNDAR 2012

Samkvæmt lögum VR gerir Uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðarráð félagsins. Í lögnum segir m.a.:

“Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum. Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarmannaráði skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér” (sjá 20. gr. laganna).

Framboðsfrestur til að skila inn listum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2012 - 2014 rann út á hádegi þann 16. febrúar. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR, þ.e. listi Uppstillinganefndar félagsins. Þar sem ekki bárust fleiri framboðslistar telst þessi listi réttkjörinn í trúnaðarráð VR fyrir kjörtímabilið 2012 - 2014. Listinn er birtur í heild hér til hliðar (sjá einnig um hlutverk trúnaðarráðs í lögum VR).

NAFN

Aðalheiður Óladóttir
Alda Særún Guðbjörnsdóttir
Alexander Þórsson
Benedikt Geirsson
Berglind R. Guðmundsdóttir
Bjarki Steingrímsson
Bjarni Knústsson
Björn M. Sigurjónsson
Eldar Ástþórsson
Elías Magnússon
Guðjón Steinarsson
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Guðrún Þórsdóttir
Hafþís Bára Bjarnadóttir
Hafþís Erla Kristjánsdóttir
Hafsteinn Hafsteinsson
Harpa Sævarsdóttir
Helga Bryndís Jónsdóttir
Hörður Birgisson
Íris Margrét Þráinsdóttir
Jóhann Óskar Þórólfsson
Linda Björk Hávarðardóttir
Magnea Jenný Guðmundar
Magnús Þorsteinsson
Ólafur H. Traustason
Óskar Guðmundsson
Ragna Karen Sigurðardóttir
Ragnar Borgþórsson
Rósmarý Andersen Úlfarsdóttir
Sigmundur Halldórsson
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir
Sigrún Viðarsdóttir
Sigurbjörg Jónsdóttir
Snjólaug Einarsdóttir
Sverrir Benónýsson
Trausti Guðmundsson
Unnur Elva Arnardóttir
Viðar Kristinsson
Þorgerður Jóhannsdóttir
Þóra Skúladóttir
Þórður Már Sigurðsson

VINNUSTAÐUR

Olís
Rekstrarvörur
P.P & co
Ístak
Ísam
Hekla
Guðmundur Arason ehf.
Iðan
CCP
VR
Gámaþjónustan
Vörður
GJ travel
Kaupás
Icelandair
Viðir
Íshestar
Kynnisferðir
Betware
Alskil
Byko
Iceland Excursions
Flugleiðahótel
Íslandsspil
Th. Thorgrímsson & co
Samskip
Nýherji
Hekla
VR
365 miðlar
Kynnisferðir

Byko
Wendel
Advania
Siminn
Advania
Samfylkingin
Próttur
Samskip

ÚR LÖGUM VR UM KOSNINGAR

20. GR. KOSNING FORMANNS, STJÓRNAR OG TRÚNAÐARRÁÐS

20.1. UM KOSNINGU FORMANNS OG STJÓRNAR

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

20.2. UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarmannaráði skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér. Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa

til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

20.3. UM FRAMKVÆMD KOSNINGA

Kjörstjórn úrskurðar um lögmati framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti tvær vikur.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kosning skal fara fram innan 4 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15 mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur meðal félagsmanna með frambjóðendum eigi síðar en viku fyrir upphaf kjördags. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

20.4 UM KJÖRSEÐLA OG RÖÐUN Á LISTA

Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

Við kosningu til trúnaðarráðs:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvorn fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð.



HVAÐ ER RAUNFÆRNIMAT?

Texti: **Puríður Ósk Sigurjónsdóttir** – ráðgjafar hjá Mími-símenntun

Raunfærnimat er ferli þar sem metin er þekking og færni tengd ákveðnu starfssviði og með hliðsjón af námsskrá. Þátttakandi getur fengið metnar einingar í viðkomandi námsleið og þarf því ekki að sitja áfanga í því sem hann þegar kann.

Raunfærnimat stendur fólki í verslunar- og skrifstofustörfum og atvinnuleitendum með reynslu af þessum störfum til boða hjá Mími símenntun. Matið er þátttakendum að kostnaðarlausu og getur nýst til:

- Styttingar á námi.
- Að sýna fram á reynslu og færni í starfi eða í atvinnuumsókn.
- Að leggja mat á hvernig einstaklingur getur styrkt sig í námi eða starfi.

Að mati loknu fá þátttakendur staðfestingu á matinu og þeim, sem þess óska, er boðið að taka þá áfanga sem upp á vantar til að ljúka námsleiðinni.

SKRIFSTOFUGREINAR

Inntökuskilyrði: Hafa unnið við skrifstofustörf í 5 ár eða lengur og vera orðin/n 23 ára.

Viðmið: Raunfærnimat í samanburði við náms-skrá Skrifstofubrautar 1 í Menntaskólanum í Kópavogi.

Skrifstofubrautin er hagnýtt nám á framhaldsskólastigi (33 einingar) sem miðar að því að veita nemendum almenna þekkingu í greinum

sem nýtast við krefjandi störf á skrifstofu. Nánari upplýsingar um námsbrautina má finna á www.mk.is

VERSLUNARGREINAR

Inntökuskilyrði: Hafa unnið við verslun í 3 ár eða lengur og vera orðin/n 23 ára.

Viðmið: Raunfærnimat í samanburði við námsskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Verslunarfagnám er starfstengt nám á framhaldsskólastigi (51 eining) sem miðar að því að auka verslunarfærni og persónulega færni starfsfólks til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í nútímaverslun. Nánari upplýsingar um námsbrautina má finna á www.frae.is

HVERNIG FER MATIÐ FRAM?

Bóka viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa. Í viðtalinu fær þátttakandi kynningu á hvernig raunfærnimatið fer fram og skoðað er hvort viðkomandi eigi erindi í matið.

FÆRNISKRÁNING OG SJÁLFSMAT

Færnisráning: Skráning á reynslu, fyrra námi, námskeiðum og annari þekkingu sem hver og einn býr yfir.

Sjálfsmat: Þátttakandi leggur mat á hæfni sína út frá viðmiðum í gildandi námsskrá. Að þessu loknu er ákveðið hvaða áfangar verða til mats hjá viðkomandi.

MATIÐ

Matið byggir á samtali milli einstaklings og matsaðila ásamt fyrirbyggjandi gögnum. Í matsviðtalinu er lögð áhersla á að þátttakandi fái tækifæri til að koma þekkingu sinni á framfæri með mismunandi leiðum.

Ef niðurstöður matsins eru á þann veg að einstaklingur standist áfangann þá er þeim námsþætti lokið.

AÐ LOKNU RAUNFÆRNIMATI

Samtals tekur ferlið 12 til 15 klukkustundir sem dreifast yfir 2-3 mánuði. Farið er yfir niðurstöður með þátttakanda og hann fær í hendur staðfestingu á hvaða áföngum og einingum er lokið. Að lokum er viðtal við náms- og starfsráðgjafa um framhaldið t.d. um leiðir til að ljúka náminu eða annað sem snýr að starfsþróun einstaklinga.

Allar nánari upplýsingar veita náms- og starfsráðgjafar hjá Mími símenntun í síma 580-1800 eða á netfangið radgjof@mimir.is

UMSAGNIR ÞÁTTTAKENDA



PÁLL INGI MAGNÚSSON
VERSLUNARSTJÓRI FRÍHAFNARINNAR

“Ég ákvað að fara í raunfærnimatið í verslunarfagnámi upphaflega fyrir forvitnissakir. En ég fékk upplýsingar um matið í gegnum heimasíðu VR. Þegar ég hitti starfsfólk Mímis átti ég ekki von á þeim móttókum sem ég fékk. Þarna voru allir tilbúnir til að aðstoða og styðja við bakið á mér. Ég fékk staðfestingu á því að ég vissi nú ýmislegt og gæti ýmislegt líka. Úrval eða leiðir til náms í verslunargreinum hefur ekki verið mikið og var það líka ástæðan fyrir því að ég fór í raunfærnimatið. Þetta var hvatning fyrir mig að halda áfram námi og er ég að ljúka námi í verslunarstjórnun hjá Háskólanum á Bifröst í vor.



STEINUNN ÞÓRÐÍS JÚLÍSDÓTTIR

MÓTTÖKURITARI HJÁ FRÆDSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

“Ég fór í raunfærnimat í skrifstofugreinum vorið 2011. Ég er með verslunarpróf en mjög langt er síðan ég sat á skólabekk. Mig langaði að sjá hvar ég stæði í samanburði við skrifstofubrautina í MK. Ég hafði áhuga á að skipta um vinnu en það vafðist fyrir mér að taka skrefið. Það skipti miklu máli hversu vel var tekið á móti mér og sú hvatning sem ég fékk í þessu ferli. Eftir að hafa farið í gegnum raunfærnimatið og í framhaldinu fengið aðstoð við að gera ferilskrá sótti ég um vinnu full sjálfstrausts og fékk hana.

SJÓÐIR VR - ÁVINNINGUR KJARASAMNINGA

Sjóðir VR eru tilkomnir vegna kjarabaráttu félagsins í gegnum árin. Réttindi launþega eru því miður ekki sjálfgefin. Í næstu tölublöðum verður farið í gegnum söguna og fjallað um sjóði VR. Hér fyrir neðan verður farið yfir sögu **Sjúkrasjóðs VR** í áföngum frá stofnun hans til dagsins í dag.

1971

Krafa VR um 1% greiðslu í sjúkrasjóð var hafnað í kjarasamningum. Við talin með betri rétt um beinar greiðslur í veikindum heldur en félög sem fengið höfðu í gegn greiðslu í sjúkrasjóði.

1973

Kröfu VR um 1% greiðslu í sjúkrasjóð aftur hafnað, en sett upp „nefnd um málið“.

1974

Lög sett á Alþingi um að öllum vinnuveitendum sé skylt að greiða 1% í sjúkrasjóði stéttarféлага samkvæmt kjarasamningi, en þar sem VR hafði einmitt ekki fengið slíkt inn í sinn kjarasamning féll VR utan laganna.

1979

Í júlí, eru loks sett í lög á Alþingi að öll félög féllu undir sama hatt og VR loks tekið með. Greitt fyrst út úr sjúkrasjóði VR 1. október 1979 og voru greiddar bætur að upphæð kr. 8,8 millj. Gkr. á árinu 1979. Iðgjaldatekjur sjóðsins 1979 voru kr. 54,1 millj. Gkr.

1979

Í fyrstu reglugerð þurfti félagsmaður að vera fullgildur og hafa verið það í a.m.k. 6 mánuði áður en að til sjúkradagpengingagreiðslu kom. Hámarksgreiðsla var Gkr. 4000 á dag í 90 daga á hverjum 6 mánuðum og aðeins ef veikindi stóðu yfir í a.m.k. 14 daga og þá var greitt frá og með 11. degi. – Dánarbætur voru þá einnig greiddar eftir sama kerfi þ.e. eftir

því hvaða sjúkradagpeningarétt viðkomandi hefði átt fyrir eitt 90 daga tímabil. Réttur til sjúkradagpeninga fyrntist á 6 mánuðum.

1980

Greiðslan hækkuð fyrst í Gkr. 9000 og svo í Gkr. 11000 og greiðslutímabilið aukið úr 2 x 90 dagar í 3 x 90 dagar. Jólagingjöld til eldri félaga (67 ára og eldri) ákveðin.

1985

Ákveðið að greiða sjúkradagpeninga vegna veikinda maka í 30 daga, 90 daga vegna áfengismeðferðar og 90 daga vegna veikinda á fyrstu 8 mánuðum meðgöngu. Sjúkradagpeningar greiddir í 90 daga á hverjum 6 mánuðum að hámarki 180 dagar en síðan þurfa að líða 3 ár og þá er heimilt að greiða að hámarki 90 daga til viðbótar.

1986

Sjúkrasjóður fær heimild til að veita félagsmönnum lán til íbúðarkaupa í Hvassaleiti (20% af kostnaðarverði íbúðar).

1989

Sjúkrasjóður kaupir hlutabréf í Mætti hf. fyrir 15 milljónir kr. og 10% hlut fyrir 1.6 milljónir kr. í Heilsugarðinum hf. sem rekur Máttarstöðina. Sjúkradagpeningar ákveðnir 1.032 kr. á dag og í hlutfalli við vinnuhlutfall.

1990

Samþykkt að sjúkrasj. sé stofnaðili að EIR með 20 sjúkrarárum fyrir VR af 160 rúmum alls.

VR á 10% í EIR. Sjúkrasjóður veitir Orlofssjóði lán, 28 milljónir kr., til að byggja orlofshús í Miðhúsum. Unnið að tillögum um veitingu styrkja til að fara á heilsunámskeið hjá Mætti.

1991

Hlutfé í Máttarstólpum hf. (áður Máttur hf.) aukið um 1.5 milljónir kr. Ein milljón kr. gefin SÁÁ vegna byggingar á Vík Kjalarnesi. Hugað að uppsögn á hópryggingsamningi við VÍS. Heimild til að greiða sjúkradagpeninga í 270 daga svo kemur 270 daga bið. Dánarbætur fyrnast á 4 árum hætti félagsmaður að greiða til VR. 5.8 milljón kr. skuld Máttarstólpa hf. breytt þannig að það sé afborgunarlaust til ársins 1996 og síðan greitt upp á 5 árum.

1992

Rætt um að fara að tekjutengja sjúkradagpeninga í stað fastrar upphæðar á dag. Samþykkt að greiða kr. 1000 í styrk til félagsmanna sem fara í krabbameinsskoðun.

1993

Keypt hlutfé í Máttarstólpum hf. fyrir 1,5 milljónir kr. Samþykkt að tekjutengja sjúkradagpeninga frá 01.01 1994.

1994

Samingur við VÍS um tryggingar félagsmanna: Líftrygging, frítímaslys, slys barna. Ákveðið að greiða styrki vegna líkamsræktar hjá Mætti og völdum líkamsræktarstöðvum, einnig árskort í sund og gigtarmeðferð. Samþykkt að greiða styrki

fyrir sjúkranudd 300 kr. per tíma í hámark 25 skipti. Einnig að styrkja meðferð hjá kiropraktor. Ákveðið að taka félagsgjald af sjúkradagpeningagreiðslum og VR greiðir 6% framlag í lífeyrissjóð.

1995

Samþykkt að greiða dagpeninga vegna veikinda barna yngri en 16 ára í 30 daga á hverju 12 mánaða tímabili. Greiddir styrkir vegna skoðunar hjá Hjartavernd.

1997

Sjúkradagpeningar miðaðir við byrjunarlaun 18 ára en síðan ákveðið að þeir séu 80% af meðallaunum síðustu 6 mánaða. Félagssjóður tryggir rétt atvinnulausa í sjúkrasjóði. Réttur vegna veikinda barna aukinn úr 30 dögum í 90 daga. Öryrkjum gert kleift að greiða í VR.

1998

Samþykkt að nota megi líkamsræktarstyrk í allar líkamsræktarstöðvar, 50% af kostnaði að hámarki kr. 4000 á 12 mánaða tímabili. Reykinganámskeið styrkt. Ákveðið að greiða vegna fæðingarorlofs mismuninn á greiðslu TR og 80% meðallauna síðustu 6 mánaða fyrir fæðingu.

1999

Samið um aðkomu arkitekta að sjúkrasjóði með 1,5% iðgjaldi. Dánarbætur ákveðnar: Ef hinn látni var ógiftur fá börn kr. 400 þús. Ef giftur þá fær hvert barn kr. 800 þúsund.

2000

Greitt í EIR fyrir byggingu öryggisíbúða og sambýlis, kr. 45 milljónir og 25 milljónir vegna stækkunar Sunnuhlíðar. Ákveðnar glasafriðgunarstyrkir kr. 100 þús. í eitt skipti. Hækkun styrkja vegna sjúkranudds, sjúkráþjálfunar og kiropraktors: úr 300 kr. í 500 kr. per skipti. Slysabætur vegna orroru vegna slyss í frítíma greiðast í hlutfalli við bótafjárhæðina 4,4 milljónir kr.

2001

1. jan. hætt að greiða 80% vegna fæðingarorlofs vegna settra laga á Alþingi. 40% af sjúkrasjóðsiðgjaldi safnast í hámark 36 mánuði og má nota til greiðslu líkamsræktar og trygginga (líf, slys og sjúkdóma), auk

gleraugna og heyrnartækja. Skal miða við 50% kostnaðar að hámarki.

2002

Krabbameinsleitarstyrkir falla undir sömu reglur og venjulegir styrkir.

2003

Ákveðið að auka biðtíma milli 270 daga tímabils úr 6 mánuðum í 12 mánuði. Sett í reglugerð að ekki sé hægt að fá sjúkradagpeninga samhliða námi. Samið við Janus-starfsendurhæfingu um þjónustu við 10 VR félaga fyrir 3 milljónir kr.

2005

Ný regla um að fyrstu 270 dagar í félaginu skuli ekki greiddir fleiri dagar í sjúkradagpeninga en sem nemur greiddum dögum í félagsgjöld nema hjá þeim sem voru í ASÍ félagi áður. Hámark dagpeninga greitt í 810 daga (3 x 270 dagar). Heimilt að reikna meðallaun yfir 12 mánaða tímabil ef verulegar breytingar hafa orðið á launum. Ekki hægt að skapa sér rétt af atvinnuleysisbótum ef viðkomandi var ekki í VR starfi þegar hann missti vinnuna og fór á bætur. Tannlækna- og sálfræðistyrkir bættast við greidda styrki. Staðfest er að réttur til dagpeninga vegna veikinda barna er sjálfstæður réttur þ.e. til viðbótar öðrum sjúkradagpeningarétti. Hjartaskoðunarstyrkir ekki lengur bara bundnir við Hjartavernd og líka hægt að fara í krabbameinsskoðun þar sem maður kys. Samþykkt að greiða hlutabætur en hver dagur skal þó reiknaður sem heill úr 270 daga kvótanum.

2006

Persónuvernd staðfestir heimild VR til að óska eftir sjúkradagpeningavottorðum. VR varasjóður stofnaður. Inneign úr sjúkrasjóði og hlutfall af orlofssjóði myndar inneign. Sjúkrasjóður hætti að greiða styrki. Umræður um að setja verkferli um inngrip í ferli sjúkdóma, hjá þeim sem eru á sjúkradagpeningum. Frumkveikjan að VIRK. Skýrt í reglugerð að einyrkjar verði að klára veikindarétt hjá sjálfum sér fyrst. Skýrt í reglugerð að ekki sé greitt vegna afleiðinga bílslysa. „Velferðarverkefni“ sett í starfsreglur - upphæð að hámarki kr. 150 þús sem starfsmenn

geta veitt sem úrræði þeim sem eru í viðtölum vegna inngripa-endurhæfingar.

Heimilt að greiða sjúkradagpeninga vegna veikinda maka í 3 mánuði. Vinna vegna „Inngrips og Endurhæfingar“ hefst og fólk er kallað í viðtöl. Reynist mjög vel. Rætt um að setja þurfi „Force Majeur“ ákvæði í reglugerð vegna mögulegra afleiðinga náttúruhamfara, stríðs, veikindafaraldurs o.s.frv.

2008

Skilyrði sett í reglugerð um að koma verði fyrst í viðtal áður en til sjúkradagpeninga-greiðslna komi. Stofnun VIRK staðfest í kjarasamningi. Greitt fyrir áfengismeðferð úr 90 dögum í 120 daga.

2010

Samþykkt að styrkja tekjulægri félagsmenn sérstaklega við gleraugnakaup, sjúkrasþjálfun, sálfræðikostnað, heyrnartækjakaup, tannviðgerðir, lyfjakostnað og meðferð á heilbrigðisstofnun. Samvinna við VIRK endurhæfingar-sjóð staðfest í reglugerð. Íbúð og hótélherbergi í Reykjavík eru skipulögð þannig að hótélherbergið er skilgreint sem „sjúkraíbúð“ og kemur sjúkrasjóður að kostnaði við leigu þess.

VR VARASJÓÐUR



20

VR varasjóður var stofnaður 2006 og sameinar réttindi í mismunandi sjóðum í einn. Tilkoma þessa sjóðs varð á sínum tíma m.a. vegna óánægjuradda félagsmanna með ríkjandi styrkjakerfi. Rök þeirra voru til að mynda sú að ef félagsmaður hafði ekki þörf fyrir gleraugu og stundaði ókeypis líkamsrækt, fjallgöngur og annað þá fengi hann ekkert tilbaka á meðan að aðrir fengju 40% sjúkrasjóðsiðgjalds tilbaka á hverju ári. Þá var óánægja með fyrninguna á 36 mánaða fresti og svo hafði kæra skattstjóra og hótun um stórfellda sekt vegna þess að ekki hafði verið greiddur skattur af þessum styrkjum sitt að segja. Úthlutunarkerfi orlofshúsa var orðið gamaldags og sætti gagnrýni m.a. vegna þess að mikil endurgreiðsla var á dvalarkostnaði í orlofshúsin til félagsmanna á meðan margir félagsmenn hefðu viljað nota þessi réttindi t.d. í orlofsferðir erlendis.

Hugmyndin að VR varasjóði kviknar því í þessu umhverfi. Með sjóðinum eru margar flugur slegnar í einu höggi þar sem frjálsræði og sveigjanleiki er aukinn til muna. Þar má nefna að réttindi í sjóðnum fynrast ekki. Félagsmenn fá til baka hluta iðgjaldagreiðslna sinna en ekki bara þeir sem þurfa gleraugu eða vilja fara í líkamsrækt. Hver og einn getur notað sjóðinn eins og honum hentar innan ákveðinna marka. Um er að ræða einfalt og auðskilil kerfi sem er aðgengilegt á „Mínum síðum“ og umsóknarferli á netinu.

HELSTU REGLUR UM VR VARASJÓÐ

Greiðslur úr VR varasjóði eru almennt staðgreiðsluskyldar og er staðgreiðsla dregin af við úttekt. Greiðsla úr sjóðnum vegna leigu á orlofshúsi VR, að hámarki kr. 40.000 á ári, er þó undanþegin staðgreiðsluskyldu.

Þá er greiðsla að hámarki kr. 40.000 á ári, sem ætlað er að standa straum af kostnaði við íþróttaiðkun, einnig undanþegin staðgreiðsluskyldu. Skilyrði er að starfsmaður leggi fram fullgilda og óvæfengjanlega reikninga fyrir greiðslu á viðkomandi kostnaði. Með kostnaði við íþróttaiðkun er átt við greiðslu á aðgangi að líkamsræktarstöðvum, sundlaugum og skíðasvæðum, greiðslu á æfingagjöldum í íþróttasali og félagsgjöldum í golfklúbba sem og þátttökugjöld vegna annarrar hreyfingar sem stunduð er með reglubundnum hætti.

FÉLAGSMENN GETA NÝTT VARASJÓÐ VEGNA:

- Kaupa á líkamsræktar-, endurhæfingar-, sálfræði-, og lækni- og tannlækniþjónustu.
- Kaupa á hjálpartækjum s.s. gleraugum og heyrnartækjum.
- Starfsloka eftir að 60 ára aldri hefur verið náð.
- Heilsubrests.
- Kaupa á líf-, slysa- og sjúkdómatryggingum.
- Kaupa á orlofstengdri þjónustu.
- Tómtunda barna að 18 ára aldri.
- Námsorlofs og kaupa á menntunarþjónustu (á einnig við um námsgögn barna félagsmannsins að 18 ára aldri).
- Framfærslu samhliða atvinnuleysisbótum (athugið að greiðslur úr varasjóði teljast til tekna).

Ef félagsmenn hætta í VR skerðist réttindainneign um 25% eftir 24 mánuði frá því að síðustu iðgjöld bárust og síðan samsvarandi ár hvert þar til réttindi eru að fullu fyrnd.

YFIRLIT YFIR STÖÐUNA

Á Mínum síðum eru birtar upplýsingar um stöðuna í varasjóðnum, greiðslur félagsgjalda, hvaða þjónustu þú hefur nýtt þér hjá félaginu og hreyfingar og stöðu í öðrum sjóðum. Sækja þarf um lykilorð.

INNLAGNIR OG ÚTTEKTIR

Lagt er inn í varasjóðinn eftir aðalfund árlega. Stjórn VR leggur fyrir aðalfund tillögu að því hversu hátt hlutfall af iðgjöldum ársins á undan renni í varasjóð og er tekið mið af afkomu sjóðanna. Aðalfundur ákveður endanlega hlutfallið **VR**.



VINNANDI VEGUR ATVINNUMESSA 8. MARS

VR VALIÐ Í TILRAUNAVERKEFNI
UM ÞJÓNUSTU VIÐ ATVINNULEITENDUR

ÞJÓNUSTA VIÐ ATVINNULEITENDUR

Föstudaginn 10. febrúar s.l. var undirritað samkomulag milli velferðarráðuneytisins, Vinnumálastofnunar, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands (ASÍ) varðandi tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur. Markmið verkefnisins er að efla vinnumiðlun en einnig að stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum sem auki líkurnar á að atvinnuleitendur fái störf að nýju á vinnumarkaði. VR hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga allt frá því farið var að ræða það innan ASÍ og sóttist eftir að fá að taka þátt í framkvæmd þjónustunnar er hún hæfist. Á vettvangi ASÍ var svo ákveðið að velja VR sem framkvæmdaðila þessa verkefnis á höfuðborgarsvæðinu en allt að 2.500 VR félagar eru nú skráðir án atvinnu og því mikið verk að vinna.

Verkefnið byggir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamninga en áhersla er lögð á að um viðbót sé að ræða við núverandi þjónustu á sviði vinnumiðlunar og ráðgjafar, helst þar sem þörf fyrir aukna þjónustu við atvinnuleitendur er

“ VR hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga allt frá því farið var að ræða það innan ASÍ og sóttist eftir að fá að taka þátt í framkvæmd þjónustunnar er hún hæfist.

mest. Jafnframt skal verkefnið vera útfært með þeim hætti að meta megi með heildstæðum hætti kosti þess og galla að stéttarfélög í samstarfi við atvinnurekendur sjái um þjónustu við atvinnuleitendur í tengslum við vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir.

Í fyrstu mun öllum VR félögum, á höfuðborgarsvæðinu, sem eru á skrá Vinnumálastofnunar verða sent bréf sem kynnir þeim verkefnið og hvernig þeir eigi að snúa sér með þjónustuna en öllum þeim VR félögum sem skrá sig inn nýir verður beint til VR en stefnt er því að framkvæmd verkefnisins hefjist 1. maí 2012.

VINNANDI VEGUR - ATVINNUMESSA

Þessu tengt er nú verið að hrinda í framkvæmd aðgerðum sem eiga að tryggja allt að 1.500 atvinnuleitendum störf og starfstengd úrræði. Áhersla er lögð á hvata og úrræði fyrir langtímaatvinnulausa og þá sérstaklega þá einstaklinga sem hafa verið án vinnu lengur en 12 mánuði. Átakið hefur hlotið nafnið VINNANDI VEGUR. Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg munu beita sér fyrir því að sveitarfélögin skapi a.m.k. helming starfa eða starfstengdra úrræða innan verkefnisins, alls 750 störf. Áætlað er að fyrirtæki á almennum vinnumarkaði munu skapa hinn helminginn. Til að efla vinnumiðlun mun Vinnumálastofnun gera samninga við almennar ráðningarstofur og stéttarfélög, VR þeirra á meðal, um ráðningar, samkvæmt sérstökum þjónustusamningi. Markmiðið er að safna sem flestum störfum í miðlun fyrir atvinnumessu sem haldin verður 8. mars nk. á höfuðborgarsvæðinu. VR mun verða með bás á staðnum en atvinnumessan verður haldin í Laugardalshöll. Opnað verður fyrir skráningu á störfum inn á vef Vinnumálastofnunar á slóðinni www.vvmst.is/vinnandivegur um miðjan febrúar. Þar geta atvinnurekendur skráð störf sem þeir óska að fá miðlað og einnig geta þeir haft samband við ráðningarstofur eða stéttarfélög í sama tilgangi.

Verið er að ganga frá setningu reglugerðar um málið, svo það er ekki alveg fast í hendi hvernig endanleg útfærsla verður. Hún verður þó á þeim nótum að stefnt er að því að atvinnurekandur geti, að uppfylltum vissum skilyrðum, fengið sérstakan styrk til ráðningar atvinnuleitanda ef með slíkri ráðningu sé sannarlega verið að fjölga starfsfólki. Grunnbætur fylgja þá nýjum starfsmanni af atvinnuleysissskrá upp í kjarasamningsbundin laun óháð bótarétti viðkomandi innan atvinnuleysisstryggingakerfisins. Atvinnurekandi fengi þannig styrk miðað við að viðkomandi sé að fullu tryggður, eða 167.176 kr. á mánuði, auk 8% framlags í lífeyrissjóð. Tímalengd slíks ráðningarstyrks getur verið allt að 12 mánuðir en fer eftir nánari reglum sem settar verða í reglugerð [VR](#).

AÐ HAFA MÖRG JÁRN Í ELDINUM

Hjúkka eða hundapjálfari, vélstjóri eða hönnuður? Á meðan hugmyndin um eitt starf út lífið verður æ meira gamaldags eykst fjöldi þeirra sem uppgötva kosti þess að sinna fleiri en einu starfi í einu. Er það kannski betra eftir allt saman?



22

Að velja sér starfsferil er stór ákvörðun. Segjum sem svo að þú sért ekki viss um hvað muni koma til með að veita þér mesta ánægju og farsæld í lífinu og ef til vill þarft þú á meiri fjölbreytni að halda en eitt starf getur veitt þér. Það er ekki óalgeng staða. Margir hafa nefnilega uppgötvað að það er möguleiki á að sinna fleiri en einu starfi í einu og finnst það jafnvel betra en að sinna sama starfinu mestan hluta ævinnar. Við getum kallað þetta fjölbreyttan starfsvettvang. Í því gæti falist að vinna fyrir fleiri en einn vinnuveitanda, t.d. vera í senn lyfjateknir og jógaleiðbeinandi eða vera í einu starfi og reka samtímis eigið fyrirtæki. Þetta gæti jafnvel falið í sér að eiga fleiri en eitt fyrirtæki. Þá eru margir sem skipta um starf eftir

“
Mismunandi ástæður liggja að baki því að fólk velur sér fleira en eitt starf. Það skiptir til dæmis máli hvar þú ert staddur í lífinu.

árstíðum. Til dæmis sinna margir skíðakennarar öðrum störfum á sumrin, svo og margir kennarar og listamenn. Vertið leiðsögumanna á sumrin og hafa þá tækifæri til að sinna öðru yfir veturinn. Störfin gætu verið svipuð en þau gætu líka verið mjög ólík, eins og þegar bankagjaldkeri er líka á launum sem bakraddasöngvari í hljómsveit eða verkfræðingur eða viðskiptajöfur slær í gegn sem metsöluhöfundur eins og Yrsa Sigurðardóttir og Ólafur Jóhann á sama tíma og þau sinna krefjandi störfum á öðrum vettvangi.

Slíkt val á starfsferli er orðið nokkuð algengt og viðurkennt. Enn eru rannsóknir á þessu sviði takmarkaðar en skv.

niðurstöðum einnar slíkrar gegna 1,5 milljónir manna í Bretlandi fleira en einu starfi og um 65% þeirra gera það að eigin ósk ekki af nauðsyn. Inni í þessum tölum eru ekki þær 4 milljónir manna sem starfa sjálfstætt. Kreppan hefur fjölgað þeim mjög sem vilja hafa mörg járn í eldinum. Enda hefur öryggið sem áður fólst í því gegna einu fullu starfi hefur minnkað verulega. Að þroska fleiri en einn hæfileika með því að sinna fleiri en einu starfi býður nú upp á meira fjárhagslegt öryggi.

Mismunandi ástæður liggja að baki því að fólk velur sér fleira en eitt starf. Það skiptir til dæmis máli hvar þú ert staddur í lífinu. Á tvítugsaldrinum er tilvalið til að leita fyrir sér á mörgum sviðum og kanna hvar áhuginn og hæfileikarnir liggja og þegar þrítugsaldurinn nálgast getur sjálfstæðið og fjölbreytileikinn virkað afar spennandi. Þetta er t.d. frábært fyrir foreldra því það gefur möguleika á meiri sveigjanleika. Margir eldri starfsmenn eru alls ekki tilbúnir til að hætta störfum en langar til að breyta til. Margir af Y kynslóðinni svokölluðu hafa upplifað að störf margra af eldri kynslóðinni eru orðin óþörf svo að þau kjósa að fókusera á nútíðina í stað þess að hafa áhyggjur af framtíðinni. Hún er hvort eða er svo óörugg. Það er auk þess aukin tortryggni hjá þessari kynslóð í garð stærri fyrirtækja.

Svo eru margir einfaldlega drifnir áfram af ástríðum sínum í lífinu eða fjölbreyttum meðfæddum hæfileikum sem þá langar til að nota. Þá ertu að sinna þinni innri þörf og missir allt skyn fyrir tíma og rúmi. Ekki eru mörg störf sem fela í sér þá möguleika að nota alla hæfileika sem þú státar af og þá koma kostir þess að hafa mörg járn í eldinum í ljós. Það er stundum talað um að það séu forréttindi að geta sameinað áhugamál og starfsvettvang. Óskastaðan hlýtur að vera sú að það væru sjálfsgöð mannréttindi. Allir hafa einhverja hæfileika sem þeir ættu að gefa sér tíma til að þroska og þróa og reyna að nýta sér á vinnumarkaði.

Auðvitað hentar slíkt ekki öllum að sinna fleiri en einu starfi. Fullkomnunarinnar gætu átt í erfiðleikum með þetta þar sem það verður minni tími til að sinna hverju verkefni fyrir sig. Þetta er líklega heldur ekki ákjósanlegt fyrir þá sem finnst best að starfa eftir fyrirfram ákveðnum reglum. En fyrir þá sem eru spenntir fyrir fjölbreytni og eru tilbúnir í breytingar gæti þetta verið svarið **VR**.

Byggt á grein í nýjasta hefti tímaritsins *Psychologies*.

RÁÐGJAFANEFND VR FJALLAR UM SKÝRSLU UM LÍFEYRISSJÓÐI

Að beiðni Landssamtaka Lífeyrissjóða skipaði ríkissáttasemjari þriggja manna úttektarnefnd til að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi Lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins í október árið 2008. Úttektarnefndin tók til starfa þann 1. september árið 2011 og er niðurstaðna að vænta 3. febrúar næstkomandi.

Allir íslensku Lífeyrissjóðirnir eru til umfjöllunar á vettvangi úttektarnefndarinnar, þar á meðal Lífeyrissjóður verzlunarmanna en VR skipar fjóra af átta stjórnarmönnum sjóðsins. VR telur mikilvægt að leggja óháð mat á niðurstöðu skýrslunnar og ákvarða hvort grípa þurfi til aðgerða vegna hennar. Stjórn VR hefur því afráðið að kalla til nefnd sérfræðinga til að fara yfir efni skýrslunnar, einkum er varðar starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, og vera stjórn félagsins til ráðgjafar. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem samþykkt var á fundi stjórnar VR í desember 2011. Yfirlýsingin er svohljóðandi:

ÚTTEKT Á STARFSEMI ÍSLENSKU LÍFEYRISSJÓÐANNA

Viðbragðsáætlun VR

Í janúar næstkomandi er von á skýrslu úttektarnefndar þeirrar sem ríkissáttasemjari skipaði að beiðni Landssamtaka Lífeyrissjóða. Í skýrslunni er fjallað um fjárfestingar sjóðanna í aðdraganda hrunsins og verður þar sjónum sérstaklega beint að tímabilinu 2006-2009. Komið hefur fram í yfirlýsingu formanns nefndarinnar, Hrafn Bragasonar, að allir íslensku Lífeyrissjóðirnir séu til umfjöllunar á vettvangi nefndarinnar og að sérstakri niðurstöðu verði skilað um hvern og einn þeirra. VR, sem skipar helming stjórnarmanna Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, lítur á það sem hlutverk sitt að leggja mat á niðurstöðu nefndarinnar og hvort grípa þurfi til sérstakra aðgerða vegna þess. Af þeim sökum mun stjórn VR kalla þrjá sérfræðinga til ráðgjafar við félagið um efni skýrslunnar og hvaða ályktanir beri að draga af henni. Mun stjórn félagsins taka afstöðu til þeirrar ráðgjafar innan fjögurra vikna frá útgáfu skýrslunnar."

Formaður ráðgjafanefndar VR er Vilhjálmur Bjarnason lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, en auk hans sitja í nefndinni Kristján Torfason, fyrrum dómstjóri Héraðsdóms Suðurlands, og dr. Róbert H. Haraldsson, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands.

FAGNAÐU LÍFINU OG LÍFIÐ MUN FAGNA ÞÉR

VR blaðið ræddi við Ásgeir Jónsson ráðgjafa um starfslokanámskeið fyrir eldri félagsmenn VR sem hafa slegið í gegn um þessar mundir. Þá hafa nokkur fyrirtæki boðið upp á þessi sömu námskeið innanbúðar hjá sér og er það til mikillar fyrirmyndar.

“

*Eitt af
höfuðmarkmiðum
okkar og kannski
það mikilvægasta til
að lifa hamingjusömu
lífi er að hafa tilgang
með lífinu.*

Hann er fjallamaður með ástríðu fyrir að hjálpa fólki. En hann er líka fláningsmaður, sjómaður á fragtskipum og togurum, framkvæmdastjóri og rekur eigið ráðgjafafyrirtæki. Þó ungur sé ólst hann upp í torfbæ og stundum hvarflar það að honum að hann sé af annarri kynslóð en raun ver vitni. Hann heitir Ásgeir Jónsson.

HVAÐ SKYLDI HAFNA ORÐIÐ TIL ÞESS AÐ HANN HÓF SKIPULAGNINGU Á ÞESSUM NÁMSKEIÐUM?

„Það hófst þannig“, segir Ásgeir, „að góðvinur minn Sigurður Sóleyjarsen vakti máls í því við að það væri skrítið að engin námskeið væru í boði fyrir fólk sem væri að ljúka starfsævinni og stæði á þeim tímamótum að nýtt og spennandi líf væri framundan. Við ræddum þetta fram og til baka og ég varð æ sannfærðari um þetta væri ég fæddur til að gera. Ég fór því strax að skoða hvað svona námskeið þyrfti að fela í sér. Ég pantaði mér bækur erlendis frá og kynnti mér málið frá öllum hliðum. Því næst hafði ég samband við VR og fékk frábærar viðtökur. Það er greinilegt að VR hefur skilning og leggur áherslu á þennan góða og oft afskipta hóp fólks. Einnig hafði ég samband við Þóri S. Guðbergsson en hann hefur haldið námskeið fyrir fólk á tímamótum um árabíl hérna á Íslandi og m.a. fyrir VR.“



HVAR LIGGUR ÁHERSLAN Í ÞESSUM NÁMSKEIÐUM?

„Mér finnst enginn munur vera á fólki sem er að hefja nýtt líf, hvort sem það er að ljúka grunnskóla, menntaskóla eða er að ljúka starfsævi sinni og getur virkilega farið að njóta lífsins. Þar liggur aðaláhersla námskeiðanna. Ég hef haldið námskeið fyrir unga atvinnuleitendur, fólk sem oftar en ekki hefur ekki gert sér grein fyrir hvað það langar að gera við líf sitt. Í mínum huga er það á sömu tímamótum og fólk sem er hætt að vinna. Allt þetta fólk er að velta fyrir sér næstu 20 til 40 árunum, hvað það langar að gera og hvað skapar þeim mestu hamingjuna á næstu árum. Ég legg líka mikla áherslu á að við tölum og hugsum jákvætt. Við erum aldrei of gömul til að gera eitthvað, heldur segjum við að við nenum ekki einhverju, höfum ekki áhuga eða annað í svipuðum dúr. Segjum sem svo að ef við teljum okkur trú um að við séum of gömul til einhvers jafnvel um þrítugt, hvað munum við þá segja þegar við erum fimmtug? Erum við þá orðin of gömul til að lifa? Mín skoðun er sú að helsta ástæðan þess að við eldumst sé að áhugi okkar á lífinu minnkar. Því vil ég varpa fram þessari spurningu: Verðum við „gömul“ og „deyjum“ vegna þess að við missum áhugann á lífinu?“

„Eitt af höfuðmarkmiðum okkar og kannski það mikilvægasta til að lifa hamingjusömu lífi er að hafa tilgang með lífinu. Það er ljóst að vinnan hjá ansi mörgum er stór hluti af lífinu og liggur það í augum uppi að þegar þessi fasti punktur, að mæta til vinnu, dettur út þarf eitthvað annað að koma í staðinn. Við þurfum nýjan tilgang. Aldurinn á ekki að setja takmörk. Alltof margir líta hins vegar svo á og hafa við starfslok ekki aðra fyrirætlanir á þrjónunum en að spila golf og lesa blöðin. Slíkt er vissulega góðra gjalda vert en leiðigjarn til lengdar. Lífið verður jafnan að hafa innihald, enda sjáum við þess svo mörg dæmi að hafi fólk ekkert fyrir stafni gefur heilsan sig fljótlega eftir að starfsdegi lýkur.“

ÞJÁNINGIN OG HAMINGJAN ERU SAMTVINNUÐ

„Leita þarf nýrrar ástríðu eða viðhalda núverandi ástríðu á við lok starfsævinnar. Þetta þurfa að vera „alvöru“ krefjandi markmið, þ.e. ekki bara að segjast ætla að fara í golf þrisvar í viku, eða fara á „einhver“ námskeið. Það hefur gefist mörgum ákaflega vel að fara í skóla;

menntaskóla, iðnskóla, háskóla eða annað það nám sem það langar að stunda. Einnig er hægt að fara og klára nám sem ekki gafst tími til að ljúka þarna í „den“. Fleira mætti nefna s.s. að stofna fyrirtæki, skrifa bók, læra á hljóðfæri, vinna sem sjálfbóðaliði, keppa í íþróttum og fara í alvöru fjallgöngur. Það eru fjölmörg dæmi um fólk sem er á besta aldri og klífur hæstu fjöll veraldar. En hvers vegna þurfa þetta að vera krefjandi markmið? Það er vegna þess að þjáningin og hamingjan eru svo samtvinnuð. Það er ekki jafn gaman að spila golf þegar þú getur gert það hvenær sem er! Við könnumst öll við tilhlökkuninna yfir að klára vinnudaginn, klára vinnuvikuna og komast í frí. Einnig er það svo að þegar við litum til baka, sama hversu erfiðu námi við vorum í og hversu mikið „við þjáðumst“ út af erfiðu námsefni, þá er það nú oft þannig að þetta var nú býsna góður tími að ekki sé nú talað um þegar prófum lauk og við útskrifuðumst. Fagnaðu því lífinu og lífið mun fagna þér. Svo lengi sem við erum á lífi innra með okkur, verður líkaminn okkar ungur og fullur af lífi.“

HVAÐ FINNST FÓLKINU ÁHUGAVERÐAST?

„Það er aðalega þrennt. Í fyrsta lagi hversu auðvelt það er að borða rétt og lifa tiltölulega heilbrigðu lífi, einungis með því að hafa nokkrar reglur til hliðsjónar þegar þú kaupir inn og eldar matinn. Þá er það hvað máttur hugans er gríðarlegur og hve miklu er hægt að breyta í lífi sínu einungis með að hugsa öðruvísi. Það kostar nefnilega ekkert. Síðan skoðum við fjölmörg dæmi um það hvað það að jákvæðni getur gert fyrir fólk. Í lok námskeiðsins sýni ég og segi frá hópi fólks sem hefur gert ótrúlegustu hluti fram eftir allri ævinni og það er svo frábært að sjá viðbrögðin þegar fólk áttar sig á því hve möguleikarnir eru fjölbreyttir næstu áratugina.“

ER EITTHVAÐ SEM HEFUR KOMIÐ ÞÉR Á ÓVART?

„Ég geri í því sambandi orð Dalai Lama að mínum: „Það sem kemur mér mest á óvart í mannlegri tilveru er að maðurinn fórnar heilsu sinn til að eignast peninga. Svo fórnar hann peningunum til ná aftur heilsu sinni. Á sama tíma er hann svo spenntur fyrir framtíð sinni að hann nýtur ekki augnabliksins. Afleiðingin

““

flest okkar eigum eftir að standa á þessu tímamótum og því finnst mér oft á tíðum harla skrýtið hvað þessi hópur af fólki fær litla athygli

er sú að hann lifir hvorki í nútíð né framtíð. Og hann lifir eins og hann muni aldrei deyja - og svo deyr hann án þess að hafa lifað.“ Svo má bæta við hversu frábært það hefur verið að vinna með þessu jákvæða og bjartsýna fólki og sjá hvað þau eru tilbúin til að kanna nýja heima. Ég get með sanni sagt að þess séu allra skemmtilegustu námskeið sem ég hef haldið.“

EITTHVAÐ SEM ÞÚ VILT KOMA Á FRAMFÆRI VARÐANDI MÁLEFNI ELDRI BORGARA?

„Það væri þá helst það að flest okkar eigum eftir að standa á þessu tímamótum og því finnst mér oft á tíðum harla skrýtið hvað þessi hópur af fólki fær litla athygli og þegar þarf að skera niður í ríkisútgjöldum verður þessi hópur oftar en ekki fyrir valinu! Mér finnst að við öll eigum að sýna þessu fólki þann sóma og þá virðingu sem það á skilið. Þetta er nú einu sinni fólk sem hefur byggt upp landið okkar og því finnst mér að það eigi skilið að njóta lífsins rækilega, það hefur unnið fyrir því.“

„Í þekkingu og starfsreynslu eldra fólks felst mikil auðlegð sem þjóðin má ekki varpa fyrir róða. Við þurfum á öllum að halda og bestum árangri nær fólk sé það hamingjusamt og sælt með sitt. Um 1900 voru lífslíkur á meginlandinu um 47 ár í dag 70 til 80 ár. Fólk á því að líta á síðari hluta ævina sem upphaf að einhverju nýju fremur en endastöð.“

Lykilspurningin á námskeiðinu er þessi: „Hvað myndir þú gera í þínu lífi í dag, ef þú vissir ekki hvað þú værir gamall?“ Við hættem ekki að leika okkur af því að við verðum gömul heldur verðum við gömul af því við hættem að leika okkur.“

Það er kjarni málsins og að sem flestir tileinki sér þetta hugarfar er mér kappsmál“ **VR**

ÁHUGASAMIR NEMENDUR

Mikil ánægja og góð stemning hefur ríkt á svokölluðum starfsloka námskeiðum sem VR hefur staðið fyrir undanfarið. En þau eru sérsníðin fyrir eldri félagsmenn sem eru farnir að huga að því að hætta á vinnumarkaði. Ljósmyndari VR blaðsins leit við og smellti nokkum myndum af hópnum.



EKKI GLEÝMA AÐ SVARA!

KÖNNUN Á FYRIRTÆKI ÁRSINS OG LAUNAKJÖRUM Í FULLUM GANGI.



Fullgildir félagsmenn VR fá þessa dagana tækifæri til að svara hinni árlegu könnun um vinnuaðstæður og launakjör á vinnumarkaði. Þessi könnun er löngu orðin stærsta vinnumarkaðskönnun sem gerð er meðal starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði og við hvetjum þig eindregið til að taka þátt!

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR UM LAUN

Könnunin er tvískipt, annars vegar er spurt um launakjör og hins vegar er spurt um vinnuaðstæður og Fyrirtæki ársins valið. Spurningar um laun eru eingöngu lagðar fyrir fullgilda félagsmenn VR og er markmiðið að veita upplýsingar um markaðslaun í mismunandi starfsgreinum svo félagsmenn geti borið laun sín saman við laun sem greidd eru í hlíðstæðum störfum eða starfsgreinum. Launakönnunin veitir einnig mikilvæga innsýn í þróun launa og veitir upplýsingar um launamun kynjanna. Í könnuninni er spurt um miklu meira en launin, spurt er um vinnutímann og fjarvinnu, hlunnindi og sanngjörn laun.

VIÐHORF TIL VINNUNAR OG STJÓRNENDA

Niðurstöður í Fyrirtæki ársins veita félagsmönnum upplýsingar um starfskjör innan fyrirtækja, viðhorf til stjórnenda og starfsanda, svo fátt eitt sé nefnt. Hvað stjórnendur fyrirtækjanna varðar eru niðurstöðurnar mikilvægur mælikvarði á frammistöðu þeirra og stöðu fyrirtækisins sem vinnustaðar. Í könnun á Fyrirtæki ársins er spurt um samskiptin á vinnustaðnum, bæði milli samstarfsfélaga sem og milli yfir- og undirmanna. Þá er spurt um viðhorf til stjórnenda fyrirtækisins og til fyrirtækisins almennt, ánægju með tiltekna þætti í vinnuumhverfinu og starfið sjálft.

KÖNNUN MEÐAL TUGÞÚSUNDA STARFSMANNA

VR hefur staðið fyrir könnun meðal félagsmanna sinna um starfsaðstæður þeirra og launakjör í meira en áratug en síðustu ár hefur SFR stéttarfélag einnig gert sambærilega könnun meðal félagsmanna sinna. Í ár stendur könnunin einnig til boða félagsmönnum í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins tekur virkan þátt, annað árið í röð. Þá hafa fjölmörg fyrirtæki og stofnanir valið að gefa öllum starfsmönnum sínum möguleika á að svara könnuninni um Fyrirtæki og Stofnun ársins. Könnunin árið 2012 tekur þannig til hátt 50 þúsund starfsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði.

BREYTT FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Á árinu 2012 verður gerð breyting á framsetningu niðurstaðna í könnuninni á Fyrirtæki ársins. Síðastliðin ár hafa tvö fyrirtæki fengið nafnbótina Fyrirtæki ársins, annars vegar í hópi stærri fyrirtækja og hins vegar í hópi minni fyrirtækja. Þátttakendum í könnuninni hefur hins vegar fjölgað og þar af leiðandi fyrirtækjum einnig sem hefur skapað forsendur til þess að skipta þeim í þrjá hópa.

Frá og með árinu 2012 verða Fyrirtæki ársins því þrjú; í hópi minni fyrirtækja þar sem starfa færri en 20 starfsmenn, í hópi meðalstórra fyrirtækja þar sem starfsmenn eru 20 til 49 talsins og í hópi stærstu fyrirtækja þar sem starfa fimmtíu eða fleiri. Þessi breyting þýðir einnig að fyrirtæki geta nú á auðveldari hátt borið sig saman við fyrirtæki af svipaðri stærð.

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ HAPPRÆTTISVINNING


Capacent Gallup sér um framkvæmd könnunnar og úrvinnslu gagna. Ef þú tekur þátt fyrir 9. mars gætir þú hlotið glæsilegan ferðavinning en happdrættisnúmer er sent hverjum og einum. Dregnið verða út 15 vinningar sem eru gjafabréf hjá Ícelandair að andvirði 50 þúsund krónur. Vinningsnúmer verða birt í apríl á vef VR, www.vr.is og í VR blaðinu **VR**.

VISSIR ÞÚ ...



HEILDARLAUN

... að heildarlaun félagsmanna VR voru að meðaltali 441 þúsund á mánuði í janúar 2011 sem er 4,5% hærra en á sama tíma árið 2010.



LAUNAHÆKKUN

... að 3,5% launahækkun kemur á febrúarlaun 2012.



KETTIR

... kettir geta myndað yfir 100 mismunandi hljóð.



ÖRVHENTIR

... að 11% mannkyns eru örvhent?



ÆTTARNÖFN

... að tæp 9 þúsund ættarnöfn eru í notkun á Íslandi og um 27 þúsund manns eru skráðir með ættarnöfn. Algengustu ættarnöfnin eru Thorarensen, Blöndal og Hansen?



STRÚTSEGG

... að úr einu strútseggi er hægt að gera eggjhræru fyrir þrjátíu manns.



VINNUTÍMI OG ÁFENGI

... að ef þú vinnur meira en fimmtíu tíma á viku eru líkur á að þú drekkir meira áfengi í viku hverri en hollt er talið?



FACEBOOK

... að VR er á facebook.
www.facebook.com/VR.Virding.Rettlaeti



VATNAJÖKULL

... að á Vatnajökli er hæsti og lægsti punktur landsins, heitasti og kaldasti reitur landsins og blautasti og þurrasti blettur landsins.

ÞUNGLYNDI – HVERNIG GETUR VINNUSTAÐURINN BRUGÐIST VIÐ?

Punglyndi er erfiður sjúkdómur með margar birtingarmyndir. Það er mörgun feimnismál að viðurkenna að þeir eigi við slíkan vanda að etja, enda hefur skilningur fólks oft verið af skornum skammti. Ósjaldan hefur maður heyrt fólk segja eitthvað að þessa leið: „Drífdú þig bara upp úr þessu volæði og hættu að vorkenna sjálfum þér.“ Það er nokkuð öruggt að þetta kemur ekki til með að hjálpa þeim sem stríða við alvarlegt þunglyndi. Ábyrgð samfélagsins er mikil og öll þurfum við að vera vakandi yfir velferð samferðamanna okkar.

Starfið og vinnustaðurinn gegnir stóru hlutverki í lífi flestra. Það er því mikilvægt að við séum ánægð í starfi og eigum góð samskipti við fólk sem við vinnum með. Í lífi flestra skiptast á skin og skúrir. Stundum erum við glöð og í góðu jafnvægi en atburðir eins og ástvinamissir, skilnaður, heilsubrestrur og fleira hafa gjarnan áhrif á okkur til lengri eða skemmri tíma. Við verðum þá ef til vill þung og sorgbitin. En vansæld sem á sér engar sýnlegar orsakir getur verið alvarlegra mál. Þegar slík líðan er farin að hafa mikil áhrif í lífi og starfi er tími til að taka í taumana.

Talið er að ein af hverjum fimm konum og einn af hverjum tíu körlum þjáist einhverntíman á ævinni af þunglyndi. Það er því augljóst að þetta er vandamál sem kemur upp á mörgum vinnustöðum. Þá er nauðsynlegt að vinir og vandamenn bjóði fram aðstoð sína og að vinnustaðurinn sé vakandi. Til að glöggva sig á því hvort þú eða einhver sem þú þekkir horfist í augu við þetta vandamál er gott að skoða eftirfarandi einkenni þunglyndis:

- Breyting á útliti og hegðun.
- Dapurlegt yfirbragð.
- Tregða í tali og hreyfingum.
- Breyting á hugarástandi, tilfinningum.
- Lækkað geðslag, depurð.
- Kvíði, grátköst, óróleiki eða pirringur.

- Oft dægursveifla, verri að morgni eða kveldi.
- Truflun á hugsun.
- Einbeitingarleysi og gleymaska.
- Mikil vanmáttarkennd og vonleysi.
- Sektarkennd og sjálfsásakanir.
- Svartsýni og framtaksleysi.
- Truflun á líkamsstarfsemi.
- Preyta, slen.
- Svefntruflanir, oftast svefnleysi en stundum aukin svefnþörf.
- Minnkuð matarlyst og megrun en stundum aukin matarlyst og þyngdaraukning.
- Minnkuð kynhvöt.
- Sjálfsvígshugsanir og ranghugmyndir.

Þeir sem hafa haft fjögur eða fleiri ofangreindra einkenna í meira en tvær vikur ættu að leita sér aðstoðar sem fyrst. Verði vart við síðasta liðinn ber að leita hjálpar tafarlaust.

HVERS KONAR HEGÐUN Á VINNUSTAÐ GETUR BENT TIL ÞUNGLYNDIS:

- Viðkomandi vinnur óvenju hægt.
- Hann gerir fleiri mistök en hann er vanur.
- Getur ekki einbeitt sér og gleymir mörgu.
- Mætir seint til vinnu og á fundi eða mætir alls ekki.

- Lendir í þrasi og rífrildum við samstarfsmenn sína.
- Á erfitt með að deila út verkefnum til annarra.
- Leggur of hart að sér, eða reynir að gera það.

Þunglyndi getur haft alvarleg áhrif á vinnugetu og fólk getur jafnvel þurft að hætta störfum tímabundið. Flestir að harka af sér svo lengi sem þeir geta, jafnvel þótt þeim sé fullljóst að þeir sinni starfi sínu ekki eins vel og vanalega. Sé sjúkdómurinn hins vegar greindur snemma má komast hjá mjög mikilli vanlíðan og hjálpa viðkomandi að ná sér á strík mun fljótar en ella.

GETA ÓVIÐUNANDI AÐSTÆÐUR Á VINNUSTAÐ VALDIÐ ÞUNGLYNDI?

Starfið er okkur flestum fastur punktur og gefur tilgang í lífinu. Á vinnustað eignumst við marga okkar bestu vini og velgengni í starfi stuðlar að bættu sjálfsáliti og andlegri vellíðan. Líkurnar á því að fá þunglyndi eru langt í frá að vera eins miklar þegar við erum ánægð í öruggu starfi en væri hið gagnstæða upp á teningnum. Þá er vitað að fólk sem hefur misst vinnuna og verið lengi atvinnulaust er í áhættuhópi með að fá þunglyndi.

Þótt vinnan geti vissulega göfgað manninn getur hún líka snúist upp í andhverfu sína.



“ Líkurnar á því að fá þunglyndi eru langt í frá að vera eins miklar þegar við erum ánægð í öruggu starfi en væri hið gagnstæða upp á teningnum.

Til að mynda getur of mikið álag og sífelld streita í starfi, sem bætast kannski við erfiðleika í einkalífi, orsakað þunglyndi. Einhæf störf þar sem fólk gefst ekki kostur á að nýta hæfileika sína en valda leiða og starfsþreytu geta aukið hættu á þunglyndi. Óvissa um eigin frammistöðu í starfi og örugg atvinna er ávísun upp á áhyggjur og kvíða. Yfirmenn eða samstarfsfólk sem eru með stöðugar aðfinnslur, að ekki sé talað um einelti, hafa tvímælaust áhrif á líðan á vinnustað. Slæmar vinnuáðstæður eins og þrængsli, hávaði, hiti eða kuldi valda vanlíðan og auka streitu. Sömuleiðis getur það valdið óánægju ef starfsmenn hafa lítið sem ekkert um tilhögun vinnu sinnar að segja. Einhliða ákvarðanir sem sem framfylgt er án nokkurs samráðs við starfsfólk valda pirringi og spennu. Í tæknisamfélagi hefur margs konar starfsemi orðið mun skilvirkari en áður en samhliða þróuninni koma háværar kröfur um skjótari ákvarðanatöku og fljótari vinnubrögð og þetta eykur líka streituna.

HVERNIG GETA SAMSTARFSMENN GRIPIÐ INNÍ?

Hlutverk samstarfsmanna er mikilvægt þegar grunur um þunglyndi starfsmanns vaknar. Það er ekki auðvelt að vekja máls á slíku en það getur þó orðið til þess að hann viðurkenni að vandinn sé til staðar og að þörf sé að að leita

hjálp. Það er staðreynd að því fyrr sem fólk leitar sér hjálpar við þunglyndi því styttri og árangursríkari verður meðferðin. Gæta ber fulls trúnaðar. Stjórnendur geta einnig veitt stuðning í verki, til dæmis með því að veita leyfi meðan á meðferð stendur og bjóða starfsmanninn velkominn til baka að lokinni meðferð. Það er afar mikilvægt að geta gengið að starfi sínu vísu. Ýmis meðferðarúrræði standa til boða sem verða ekki tíunduð hér. Það er hins vegar öruggt að mikilvægt er að meðferðaraðilar stilli saman strengi sína meðan á meðferð stendur og einnig eftir að henni lýkur. Þáttur atvinnuveitendans verður sjaldan ofmetinn þegar starfsmaður snýr aftur til vinnu sinnar.

STEFNA FYRIRTÆKJA MIKILVÆG

Sérhvert fyrirtæki ætti að eiga það markmið að stuðla að heilsuvernd og velferði starfsmanna sinna. Kostnaður vegna veikinda og fjarveru getur minnkað verulega séu allir starfsmenn fyrirtækja meðvitaðir um orsakabætti og fyrstu einkenni sjúkdóma og kvilla. Fræðsla um þunglyndi gegnir þarna stóru hlutverki. Hún getur t.d. verið í formi fyrirlestra á vinnustað, upplýsingabæklinga eða til umræðu í starfsmannaviðtölum. Fræðsla um er streitu einnig mikilvæg s.s. tímastjórnun, ákveðniþjálfun og hópefli; allt viðurkenndar aðgerðir sem draga úr hættu á þunglyndi og öðrum geðkvillum. Mjög mikilvægt er að

styðja við bakið á starfsmönnum sem nálgast eftirlaunaaldurinn. Einnig þarf fyrirtæki leggja sig fram um að aðbúnaður á vinnustaðnum sé góður, vanda til ráðninga, þjálfunar nýliða og skerpa á skyldum yfirmanna gagvart starfsmönnum.

HVAR ER HÆGT AÐ LEITA AÐSTOÐAR?

Best er að byrja á því að leita til heilsugæslu-læknis. Hann getur greint sjúkdóminn og annað hvort hafið meðferð eða vísað á geðlækni eða sálfræðing til frekara mats og meðferðar. Þá er einnig hægt að leita beint til geðlæknis eða sálfræðings á stofu, upplýsingar um þá má finna á gulu síðunum í símaskránni. Í bráðatilvikum er hægt að leita til bráðapjónustu geðdeilda sjúkrahúsanna, annaðhvort beint eða með milligöngu vaktlæknis. Í Reykjavík er bráðamóttöku á geðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Hún opin kl. 12.00 - 19.00 virka daga og kl. 13.00 - 17.00 um helgar og alla helgidaga. Hægt er að hringja á opnunartíma í síma 543 4050 eða skiptborð Landspítala í síma 543 1000 [VR](#)

Heimildir:

Þórður Sigmundsson geðlækir: *Spurningar og svör um þunglyndi, grein birt á landlæknir.is*
Sturla Jóhann Hreinsson BA í sálfræði: *Þunglyndi á vinnustöðum, grein birt á Persona.is*

ÁRIÐ 2012 ER ÁR REYNSLUBOLTANNA

Evrópubúar lifa lengur og eru hraustari en nokkru sinni fyrr, lífslíkur þeirra hafa aukist um átta ár frá 1960 og er því spáð að þær muni aukast um fimm ár til viðbótar á næstu fjórum áratugum. Evrópska hagstofan gerir ráð fyrir því að árið 2060 verði einungis tveir einstaklingar á vinnualdri (15 til 64 ára) fyrir hvern einstakling eldri en 65 ára en í dag er staðan fjórir á móti einum. Þetta kemur fram í umfjöllun um niðurstöður nýrrar könnunar sem gerð var á vegum Evrópusambandsins. Könnunin náði til allra aðildarríkjanna auk fimm annarra þjóða, þ.á m. Íslands. Árið 2012 er helgað eldri kynslóðinni í Evrópu, virkri þátttöku hennar í samfélaginu og auknu samstarfi kynslóða.

32

Eldri kynslóðin er hafsjór þekkingar og kunnáttu og leiðin til að takast á við þær gríðarlegu félagslegu breytingar sem vikið er að hér að framan er að tryggja að þeir sem eldri eru séu virkir einstaklingar í samfélaginu og hafi tækifæri til að leggja sitt af mörkum, segir í könnuninni Active ageing sem gerð var síðla árs 2011 að tilstuðlan Evrópusambandsins um stöðu og viðhorf til eldra fólks. Þetta er ein ástæða þess að ESB helgar þetta ár eldra fólki og hvetur til aukinnar virkni þess í samfélaginu og á vinnumarkaði.

JÁKVÆTT VIÐHORF TIL ELDRÁ FÓLKS Á ÍSLANDI

Meirihluti svarenda í könnuninni eða 61% telur að viðhorf til fólks 55 ára og eldra í þeirra eigin heimalandi sé almennt jákvætt. Þetta hlutfall er hæst á Íslandi, að því er fram kemur í könnuninni, eða 83%. Næst koma Lúxemborg og Finnland. Íslendingar eru einnig mjög jákvæðir þegar kemur að því að meta framlag þessa aldurshóps til þjóðfélagsins, s.s. á hinum pólitíska vettvangi, á vinnumarkaði, í nærsamfélaginu og innan fjölskyldunnar. Til dæmis telja 81% íslensku svarendanna að fólk á aldrinum 55 ára og eldra gegni mikilvægu hlutverki á vinnumarkaði og 93% að það gegni mikilvægu hlutverki innan fjölskyldunnar.

REYNSLA OG ÁREIÐANLEIKI ELDRÁ STARFSFÓLKS

Starfsmenn 55 ára og eldri eru almennt taldir reynslumiklir og áreiðanlegir í vinnu, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Þá telja rúmlega 60% svarenda í könnuninni að starfsmenn á þessum aldri séu hæfari til að taka sjálfstæðar ákvarðanir en yngri starfsmenn og svipað hlutfall telur að eldri starfsmenn eigi auðveldar með að leysa vandamál en þeir sem yngri eru. Fjórðungur og færri telja hins vegar að eldra fólk sé opið fyrir nýjum hugmyndum eða nýrri tækni. Við Íslendingar erum sammála öðrum Evrópubúum hvað þetta varðar og gefum reynslu og áreiðanleika eldri starfsmanna há einkunn.



INNAN VIÐ HELMINGUR VILL VINNA LENGUR

Þriðjungur svarenda í könnuninni vill vinna lengur en hinn opinberri eftirlaunaaldur segir til um en helmingur eða 54% vill það ekki. Íslendingar skera sig úr hvað þetta varðar, 61% vill halda áfram að vinna þrátt fyrir að vera komin á eftirlaunaaldur. Næstir koma Danir með 57%. Frakkar, Grikkir og Belgar eru annarrar skoðunar, um og yfir 70% þeirra vilja ekki vinna lengur en fram á eftirlaunaaldur.

Þetta viðhorf er í samræmi við svör við spurningunni hvort fólk eigi að hafa möguleika á að vinna lengur en fram á eftirlaunaaldurinn, ef það vill. Meirihluti Íslendinga í könnuninni telur að sá möguleiki eigi að vera fyrir hendi og erum við þar í hópi með hinum Norðurlöndunum, Bretlandi, Hollandi og Pýskalandi. Á hinum endanum, þar sem meirihluti telur að fólk eigi að láta af störfum þegar eftirlaunaaldri er náð, eru t.d. Grikkir, Ítalir og Rúmenar.

ENGAN ÁKVEÐINN EFTIRLAUNAALDUR, TAKK!

En hvort sem fólk vill vinna lengur eða ekki, er meirihluti Evrópubúa (52%) mótfallinn því að tiltekinn sé aldur þegar fólk er skikkað á eftirlaun, ef marka má niðurstöður könnunarinnar. Rétt um 40% telja þó að tiltaka þurfi einhvern ákveðinn aldur. Mikill meirihluti íslensku svarendanna

52%

Evrópubúa eru mótfallinn því að tiltekinn sé aldur þegar fólk er skikkað á eftirlaun, ef marka má niðurstöður könnunarinnar.

(83%) er mótfallinn því að gefinn sé út einhver opinber eftirlaunaaldur og eru viðhorfin svipuð hjá Dönum (84%), Hollendingum (80%) og Þjóðverjum (79%). Þeir sem telja að skikka eigi fólk á eftirlaun á einhverjum ákveðnum aldri eru m.a. Makedónar, Tyrkir, Króatar og Grikkir en í þessum löndum eru 75 - 80% svarenda hlynntir því að fólk sé skyldað á eftirlaun.

SITTHVOR EFTIRLAUNALDUR KYNJANNA?

Í könnuninni var spurt hvort eftirlaunaaldurinn ætti að vera annar fyrir konur en karla, t.d. á þeim forsendum að þær taki hlé frá atvinnuþátttöku vegna barneigna eða að þær lifa lengur en karlar. Svörin vekja athygli, t.d. höfnuðu yfir 80% svarenda því að konur ættu að fara seinna á eftirlaun en karlar vegna þess að þær gera hlé á atvinnuþátttöku sinni eða vegna þess að þær lifa lengur. Hins vegar voru nær jafnmargir með og á móti hugmyndum um að konur fari fyrir á eftirlaun til að geta annast barnabörnin eða sjúka ættingja (48% með en 47% á móti). Það vekur nokkra athygli að 17% íslensku svarendanna voru sammála þessu. Meðal hinna Norðurlandanna var þetta hlutfall frá 6% (Svíþjóð) til 21% (Finnland).

HVAÐ HAMLAR ATVINNUÞÁTTTÖKU ELÐRI STARFSMANNA?

Um og yfir 70% svarenda í könnuninni telja einkum eftirtalin þrjú atriði standa í vegi fyrir aukinni atvinnuþátttöku fólks 55 ára og eldra:

- Fá tækifæri til að minnka við sig vinnu síðustu árin fyrir eftirlaun,
- Færri tækifæri til endurmenntunar en aðrir aldurshópar,
- Neikvæð viðhorf atvinnurekenda til eldra starfsfólks.

Viðhorf okkar Íslendinga í könnuninni eru í samræmi við meðaltalið hvað fyrsta atriðið varðar, þ.e. að eldra fólk hafi ekki nægjanleg tækifæri til að minnka við sig vinnu áður en það fer á eftirlaun. En við skerum okkur nokkuð úr hvað hin tvö atriðin varðar. Við teljum síður að skortur á tækifærum 55 ára og eldri starfsmanna til endurmenntunar standi þeim fyrir þrífum á vinnumarkaði (59% á móti 71% að meðaltali í könnuninni). Þá teljum við einnig síður að neikvæð viðhorf vinnuveitenda til eldri starfsmanna hamli atvinnuþátttöku starfsmanna eldri en 55 ára (59% á móti 70% að meðaltali í könnuninni).

EN HVENÆR ER MAÐUR GAMALL?

Aldur er afstæður, segja margir og það er vafalaust mikið til í því. En í könnuninni voru þátttakendur spurðir að því hvenær maður hættir að vera ungur og hvenær maður telst vera gamall. Það er örugglega óhætt að segja að ekki séu allir sammála þessu en meirihlutinn telur að við 42 ára aldurinn hættir maður að vera ungur og telst gamall um 64 ára. Íslendingarnir eru sammála þessu, að stærstum hluta, þeir telja tæp 65 ár viðmið fyrir þá sem teljast „gamlir“ en vilja meina að fertugir séu menn hættir að vera „ungir“. Mikill munur er á milli þjóða hvað þetta varðar, á Möltu, í Portúgal og Svíþjóð telja menn að viðmiðið fyrir þá sem enn teljast ungir sé 37 ár en á Kýpur og í Grikklandi er fólk enn talið ungt um fimmtugt **VR**

Greinin er byggð á könnuninni Active ageing, Special Eurobarometer 378, sem gerð var meðal aðildarríkja ESB auk fimm annarra ríkja, alls meðal tæplega 32 þúsund einstaklinga, haustið 2011. Niðurstöðurnar voru birtar í janúar s.l.



VIÐURKENNDIR BÓKARAR

Það voru 74 stoltir nemendur sem útskrifuðust sem Viðurkenndir bókarar þann 27. janúar síðastliðinn. Þess má geta að Brynjar Örn Ólafsson fékk verðlaun fyrir góðan námsárangur frá Opna háskólanum og VR og Sveinbjörn Bjarnason fékk verðlaun fyrir „life-long learning“ – en hann var elsti nemandinn í hópnum, fæddur 1944. Með þessum verðlaunum var verið að sýna fram á það að það er hægt að setjast á skólabekk á hvaða aldri sem er.



ÁTTAARMA VEGVÍSIR


Það var myrkur og hráslagalegt um að litast. Ég stóð uppi á hæð og hélt í höndina á barni. Saman virtum við fyrir okkur tvö glerbúr fyrir neðan okkur. Í öðru þeirra var risakönguló en í hinu heljarinnar kolkrabbi. „Sjáðu, þarna er könguló,” sagði ég. „Já, og risakolkrabbi,” bætti barnið við. Ekki fyrr hafði það sleppt orðinu en kolkrabbinn lyfti upp einum arma sinna og slengdi honum í glerið eins og hann vildi komast út. Höggið buldi á hljóðhimnunnni svo ég hrökk upp með andfælum.

Óhugnaðurinn sat í mér og nokkru síðar fékk ég tækifæri til að reifa hann fyrir draumspakri konu. Ég vatt mér að henni í boði og spurði hana nær formálalaust hvað það þýddi þegar innilokaður kolkrabbi birtist í draumi og berði bylmingshögg á búrveggina. „Draumarnir sýna okkur hvað er að gerast í vökulfinu,” sagði konan og horfði rannsakandi á mig. Ég fékk strax á tilfinninguna að hún vissi nú þegar meira um mig en ég sjálf.

Fáeinum dögum síðar sagði vinkona mín mér frá skemmtilegum draumi sem hana hafði dreymt. Þar hafði mér brugðið fyrir. Vinkona mín hafði verið stödd í fallegum garði umluktum þykkum vegg þegar margtítt fiðrildi kom flögrandi. Smám saman breyttist fiðrildið í mig. Í draumnum hlógum við saman og ég sagði vinkonu minni í óspurðum fréttum að hún væri kakóbolli. Þá hlógum við enn meira.

Á þessu átti hvorug okkar neina skýringu, frekar en venjulega þegar kemur að draumum. Ég er löngu hætt að nenna að hafa fyrir því að fletta upp í draumaráðningarbókinni minni því það er sama hvað mig hefur dreymt í gegnum tíðina, alltaf skal það vera ógífri konu fyrir mikilli hneisu – og þessi vinkona er einmitt ógift.

Mér fannst samt merkilegt hvað ég lifði skemmtilegu lífi í draumi annarrar konu miðað hvað mínir eigin voru myrkir og óhuggulegir. Ég fór að velta fyrir mér orðum draumspöku konunnar. Líklega var kominn tími til að rýna í vökulífið. Eitthvað hafði jú verið að angra mig og það um nokkra hríð. Ég ákvað að gefa sjálfri meiri tíma til að sinna því sem hef ég gaman af. Áður en ég vissi af hafði ég sagt upp sem pistlahöfundur á Fréttablaðinu þar sem ég hef skrifað í um það bil sex ára skeið. Ég bar það fyrir mig að ég þyrfti meiri tíma til að sinna eigin skáldskap. Þetta með kolkrabbann virtist fulllangsótt.

Næsta morgun beið mín tölvupóstur frá vinkonu sem hafði vaknað hin kátasta í Vesturbænum eftir að hafa mátað með mér kjóla í París næturlangt. Mér fannst það hljóta að boða eitthvað gott. Úr draumum mínum berast hins vegar engin sérstök tíðindi lengur. Allt er með kyrrum kjörum. Þar birtist fólk í sviphendingu og lætur orð falla sem eru mér gleymd þegar ég vakna. Í draumheimum ríkir sama viðhorf og í raunheimum, að engar fréttir séu góðar fréttir. Ég er samt þakklát kolkrabbanum fyrir að hafa bankað upp á og vakið mig. Vegvísarnir birtast okkur í mörgum myndum. Að þessu sinni reyndist hann heldur ófrýnilegur og áttaarma en hann gerði sitt gagn. Og ég er sem sagt hér með hætt að skrifa pistla 

Kosningar 2012



**Nú göngum við til kosninga.
Láttu þig málið varða,
VR er félag okkar allra.**

Allsherjaratkvæðagreiðsla VR til stjórnar hefst 1. mars nk. og stendur til hádegis 9. mars nk. Nýttu atkvæðisrétt þinn og hafðu áhrif.

Öll atkvæði hafa sama vægi. Þú finnur allar nánari upplýsingar á www.vr.is.